



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Gátan um gátunar

*Um gátur í Heiðreks sögu og Hervarar,
handrit og hugræn fræði*

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðrún Steinþórsdóttir

Febrúar 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Gátan um gáturnar

*Um gátur í Heiðreks sögu og Hervarar,
handrit og hugræn fræði*

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðrún Steinþórsdóttir

Kt.: 021087-2899

Leiðbeinandi: Bergljót S. Kristjánsdóttir

Febrúar 2011

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hennar eru gátur. Hugað verður að því hvað gerir gátu að gátu, hvernig gátur eru uppbyggðar og hvernig saga þeirra hefur þróast í tímann. Einkum verður sjónum beint að stærsta safni íslenskra gátna, gátum Gestumblinda, sem finna má í *Heiðreks sögu og Hervarar*.

Umfjöllunin um gátur Gestumblinda er tvíþætt. Í fyrsta lagi er fjallað um þrjú aðalhandrit *Heiðreks sögu og Hervarar* áður en fáeinir gátur úr tveimur aðalhandritum verða bornar saman. Samanburðurinn er einkum til þess fölginn að sýna hversu mikill munur er á milli handrita. Rætt verður um muninn og settar fram hugmyndir um hvað veldur honum. Í öðru lagi verður fjallað um gátur Gestumblinda út frá hugrænum fræðum. Fimm gátur verða skoðaðar með mismunandi aðferðum. Tvær gátur eru metafóru (e. *metaphors*) og í tengslum við þær verður fjallað um kenningar um metafóru, vörpun (e. *mapping*) og blöndun (e. *blending*). Ein af gátunum fimm, sem litið verður á, er orðaleikur (e. *pun(s)/wordplay*). Rætt verður um hvernig sú gáta er uppbyggð og hvernig lausnin er fundin með ýmsum aðferðum. Greint verður frá kenningum um flokkun (e. *categorisation*) og hugað að einni gátu þar sem hlustandi/lesandi neyðist til að víkka út hugmyndir sínar um dæmigerð (e. *prototype*). Að lokum verður skoðuð gáta þar sem sá er hana leysir þarf að greina á milli fígúru (e. *figure*) og bakgrunns (e. *ground*) til að átta sig á hvaða orð í gátunni eru vísbendingar um lausnina. Í lokakafli ritgerðarinnar verður fjallað um skemmtanagildi gátanna og húmorinn sem finnst í þeim. Þar verður einnig tæpt á alvarlegum undirtóni gátanna.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Efnisyfirlit	4
I Inngangur	5
II Gátur	6
II.I Hvað er gáta?	6
II.II Saga gátnanna	9
III Handrit Heiðreks sögu og Hervarar	12
III.I	14
III.II	15
III.III	16
III.IV	18
III.V	19
IV Fimm gátur Gestumblinda	24
V Húmor og gátur	32
VI Lokaorð	36
VII Heimildaskrá	37
VII.I Ritaðar heimildir	37
VII.II Ljósmyndir.....	40

I Inngangur

Flestir eiga auðvelt með að greina gátur frá öðrum bókmenntaformum. Engan ætti að undra það þar sem gátur hafa lifað með mannum frá ómuna tíð. Fólki er þó ekki ætíð ljóst hvernig það ber kennsl á gátur eða hvernig það leysir úr þeim. Gátur eru jafn ólíkar og þær eru margar. Algengast er að gátur birtist í metaforum eða orðaleikjum. Sumar gátur krefjast menningarlegrar þekkingar. Þá reynir oft og tíðum á bókmenntalega og/eða goðsögulega þekkingu þess sem gátuna leysir.

Gátur fyrirfinnast um allan heim. Stærsta safn íslenskra gátna eru gátur Gestumblinda sem finna má í *Heiðreks sögu og Hervarar*. Í sögunni birtast 35 gátur, 29 þeirra koma hvergi fyrir annarsstaðar en sex þeirra eru í alþýðlegum heimildum síðari tíma.¹ Svo virðist sem áhugi þeirra, er skoðað hafa gátur Gestumblinda, hafi einkum beinst að því að flokka gátunna í flokka og skoða bragfræðileg einkenni. Margt annað er þó afar fróðlegt, ekki síst uppbygging orðaleikjanna (e. *pun(s)/wordplay*) og metaforanna, merking einstakra orða og hvaða hugsun fer fram í kalli þess er gátuna leysir. Til að varpa ljósi á þessi atriði er áhugavert að notast við töl og tæki hugrænna fræða.

Í þessari ritsmíð eru gátur, einkum gátur Gestumblinda, til umfjöllunar. Niðurskipun efnis er þannig háttað að í öðrum kafla er skoðað hvernig gátur eru uppbyggðar og hvernig saga þeirra hefur breyst í tímann rás. Sjónum er þá ekki síst beint að gátum Gestumblinda er finnst í *Heiðreks sögu og Hervarar*. Í þriðja kafla er fjallað um þrjú aðalhandrit *Heiðreks sögu og Hervarar*. Fáeinar gátur, aðallega úr tveimur aðalhandritum, verða bornar saman til að gefa lesanda hugmynd um hve mikill munur er á milli handrita. Fjallað verður um muninn og tilraun gerð til að setja fram hugmyndir um hvað veldur honum. Fimm gátur verða skoðaðar sérstaklega vel í fjórða kafla og um þær fjallað út frá hugrænum fræðum sem kynnt verða jafnóðum. Í greiningu út frá hugrænum fræðum verðum stuðst við texta Jóns Helgasonar sem byggður er á handritinu Gl kgl. Sml. 2845, 4^{to} frá um 1450. Til að sýna nútímaútgáfu af gátunum verður notast við *Hervarar sögu ok Heiðreks* í útgáfu G. Turville-Petre frá árinu 1997. Í fimmta kafla verður fjallað um skemmtanagildi gátanna og húmorinn sem felst í þeim. Í lokakaflanum eru lokaorð og helstu niðurstöður dregnar saman.

¹Sjá Jón Hnefill Aðalsteinsson 1989:428-430

II Gátur

II.I Hvað er gáta?

Manninum er eiginlegt að gera samanburð; það sést einna helst á því að hann er ætíð að bera einn hlut við annan. Barn er ekki gamalt þegar það hefur lært að bera kennsl á flesta hluti í umhverfi sínu. Heimurinn sem áður kom því sí og æ á óvart verður þannig hversdagslegri eftir því sem það eldist. Ljóðskáld, málarar, leikritahöfundar og arkitektar eru í hópi listamanna sem vinna við að reyna að skapa nýja hluti. Oft felst sköpunin í því að gera hversdagslega hluti nýstárlega með það að markmiði að fá hina fullorðnu til að sjá heiminn í nýju ljósi.² Gátur felast í því að lýsa einhverju þekktu út frá óvenjulegu sjónarhorni í þeim tilgangi að gera hið þekktu ókunnugt.³ Því hefur verið haldið fram að gátur geti verið fullorðnum áþekkt nýjung og ýmislegt er þeir upplifðu sem börn.⁴

Hægt er að þekkja gátur á ýmsu. Einfaldast væri líklega að segja að þær væru gerðar af tveimur hlutum; spurningu og svari. En slík skilgreining hrykki skammt. Ef litið er á eftirfarandi dæmi er hægt að sjá hvers vegna.

Spurning: Hvað eru 2+2?

Svar: 4

Þetta er augljóslega ekki gáta. Sama á við spurningar og svör líkt og finna má í hinu vinsæla borðspili *Trivial Pursuit* og eins þegar kennari spyr nemendur út úr. Það eru ekki gátur.⁵

Stundum er hægt að þekkja gátur af því að þær búa yfir ákveðnu stafi. Í ensku er til að mynda viðkvæðið: „Riddle me, riddle mee, ree“ oft notað til að gefa til kynna að um gátu sé að ræða. Svipað þekkt einnig í afrískri menningu. Á meðal Lamba þjóðflokksins segir sá er spyr „Tyo“ sem merkir ‚gettu nú‘. Sá sem vill svara lætur vita með því að kalla upp: „Ka kesa“ ‚látu það koma‘ eða „Ka mu leta“ ‚kastaðu því fram‘. Á meðal Mbeera þjóðflokksins í Kenýa segir spyrjandinn „Gwata ndai“ ‚tæklið þessa gátu‘.⁶ Ekki er hægt að segja að á íslensku fyrirfinnist ákveðinn frasi eða viðkvæði sem greinir gátur frá öðru bókmenntaformi líkt og þulan „Riddle me, riddle mee...“ í ensku. Þó ber þess að geta að íslenskar gátur enda stundum á „gettu nú“ og í gátum

² Sjá Dienhart 1998:98

³ Sjá Wilcox 2005:47

⁴ Sjá Dienhart 1998:98-99

⁵ Sjá Dienhart 1998:99

⁶ Sjá Blake 2010:43-44

Gestumblinda fylgir vanalega viðkvæðið: „Heidrekr konungr, / hygðu at gátu!“ sem lætur lesanda eða áheyranda bókstaflega vita að um gátu sé að ræða.

Hefðbundin gáta felur í sér metaforu þar sem einum hlut er líkt við annan. Gáta getur þó verið bókstafleg í þeirri merkingu að hún lýsir hlutunum nákvæmlega eins og þeir eru, verið skýr fyrir ákveðnum hópi einstaklinga sem vita um hvað málið snýst. Ein elsta varðveitta gátan sem til er fyrirfinnst í *Bíblíunni* (Dómarabókin 14:14). Hún er dæmi um þá gerð sem gefur upp bókstaflegar upplýsingar. Eftir að Samson hefur drepið ungt ljón með berum höndum sér hann að býflugur hafa gert sér bú í skrokki ljónsins; hann leggur því eftirfarandi gátu fyrir Philistines:⁷

„Æti gekk út af etanda
Og sætileiki gekk út af hinum sterka.“⁸

Eins og sjá má felst þessi gáta ekki í metaforu heldur óskýrum upplýsingum. *Etandi* getur verið hvaða ‚vera sem étur‘ og *æti* allt sem er ‚ætilegt‘. Í raun og veru er ekki nokkur leið fyrir neinn að leysa gátuna nema þann sem hefur séð hunangið inni í ljóninu. En þó að gátan veiti ekki upplýsingar með hversdagslegasta hætti er hún þó hefðbundin á þann máta að hún er í formi vísu. Gátur eru einmitt oft felldar í bragform og hafa þar af leiðandi einkenni á borð við rím og ljóðstafi.⁹

Gátan „Hvat mælti Óðinn, / í eyra Baldri, / áðr hann væri á bál hafiðr?“¹⁰ sem Óðinn setur fram bæði í lok viðureignar sinni við Vafþrúðin jötun sem og Heiðrek konung er af svipuðum toga og gáta Samsonar. Báðar eiga það sameiginlegt að brjóta þá reglu, að gátur eigi að fela í sér lýsingu sem sýnir fyrirbæri á sjaldgæfan og/eða nýstárlegan máta. Gáta Óðins er lokagáta í tveimur svokölluðum gátusenum. Orðið „senna“ merkir ‚deila‘ eða ‚þræta‘ og er orðið oft notað um deilu í samræðuformi.¹¹ Gátusenna er því deila þar sem einn spyr spurninga en annar svarar. Í gátusenum Óðins er hann í hlutverki spyrilsins. Munur er á gátusenu Óðins og Vafþrúðnis annars vegar og Óðins og Heiðreks hinsvegar. Í Vafþrúðnismálum leitar Óðinn til jötunsins Vafþrúðnis til að sjá hversu mikið hann veit. Vitneskju Vafþrúðnis dregur hann fram með því að spyrja spurninga. Gátusennan er því viskueinvígi.¹² Viðureign Óðins og Heiðreks er af öðrum

⁷ Sjá Blake2010:45

⁸ Biblían 2007: Dóm 14.14

⁹ Sjá Blake 2010:45

¹⁰ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:50

¹¹ Sjá Jakob Benediktsson 2008:237

¹² Sjá *Eddu Snorra Sturlusonar* 1986:318-330

toga því þar er höfuð Óðins að veði. Óðinn á að spyrja Heiðrek spurninga og ef hann getur borið fram þá sem Heiðrekur hefur ekki svar við fær hann að halda höfðinu. Gátur á borð við gátu Óðins eins og hún birtist í *Heiðreks sögu og Hervarar* hafa verið nefndar *the neck riddle* eða höfuðlausnargátur. Archer Tylor lýsir þeim á eftirfarandi hátt:¹³

lýsing á atviki sem enginn getur túlkað annar en sá sem dregur upp lýsinguna. Hugtökin sem eru notuð rugla ekki áheyrandann heldur virðast sjálfar aðstæðurnar óútskýranlegar. Í mörgum norður-evrópskum gerðum af slíkum ráðgátum bjargar spyrillinn lífi sínu með gátunni af því að dómariinn eða böðullinn hafa lofað að hann megi fara frjáls ferða sinna ef hann getur borið upp gátu sem ekki er hægt að ráða.¹⁴

Eins og sjá má á lýsingin vel við Óðin í viðureign hans gegn Heiðreki konungi því með því að spyrja óleysandi gátu tekst honum að bjarga lífi sínu.

Margar gátur, einkum nú á tímum, þekkjast á því að upphafsorðið er spurnarforafn. Á ensku er talað um að þær séu í formi wh-spurninga, enda um spurningu að ræða með orðum á borð við why, when, where, what og how.¹⁵ Á íslensku mætti á sama hátt tala um hv-spurningar (hvað, hvernig, hvenær, hvort osfrv.). Sem dæmi um gátu af því tagi má nefna þá sem hefst: Hvað er það sem hoppar og skoppar yfir heljarbrú [...] ¹⁶

En gátur geta birst í öðrum formum. Algengast er – eins og áður hefur komið fram – að þær séu í formi metafóra eða myndar, þar sem einu er líkt við annað. Sumar þeirra krefjast þekkingar á menningunni sem hún er sprottin úr, það er að lesandinn hafi sértæka þekkingu. Oft eru gátur af því tagi taldar sprottnar af goðfræðilegum og bókmenntalegum líkingum sem hafa lifað frá kynslóð til kynslóðar í bókmenntum.¹⁷ Orðaleikir eru enn eitt formeinkenni gátna. Þá er aðallega leikið með tvíræðni orða sem ræðst af hljóðkerfisfræðilegum (e. *phonological*), beygingarfræðilegum (e. *morphological*) eða setningafræðilegum (e. *syntactical*) einkennum. Þegar leikið er með hljóðkerfislega tvíræðni má greina á milli þriggja gerða: atkvæðavíxla (e. *syllable substitution*), orðavíxla (e. *word substitution*) og hljóðavíxla (e. *metathesis*). Í atkvæðavíxlum er atkvæði eða atkvæðum innan orðs ruglað þannig að nýja orðið hljómi líkt og orðið sem var ruglað eða nákvæmlega eins. Orðavíxlum svipar til atkvæðavíxla. Þá er heilu orði ruglað saman við

¹³ Sjá Wilcox 1996:182

¹⁴ „a description of a scene that can be interpreted only by the one who sets the puzzle. The terms used are not confusing, but the situation itself seems inexplicable. In many northern European versions of such puzzles the speaker saves his neck by the riddle, for the judge or executioner has promised release in exchange for a riddle that cannot be guessed“ Wilcox 1996:182-183

¹⁵ Sjá Dienhart 1998:101

¹⁶ Framhaldið er svohljóðandi: með mannabein í maganum og gettu nú! Ráðningin er skip fullt af fólki.

¹⁷ Sjá Jón Hnefill Aðalsteinsson 1989:428-432

annað svipað eða nákvæmlega eins. Þá má vera að orð sé notað sem hefur tvær ólíkar merkingar. Í hljóðavíxlum eru höfð umskipti á hljóðum eða orðum til að skapa tengsl (ranglega) á milli tveggja merkingarfræðilega ólíkra orða.¹⁸

Ein og sama gátan getur haft fleiri en eitt þeirra formeinkenna sem nefnd hafa verið og fyrir vikið er ekki alltaf hlaupið að því að flokka gátur eftir slíkum einkennum.

II.II Saga gátnanna

Hlutverk gátna hefur tekið breytingum í tímann rás. Í dag er það einna helst skemmtun. Gátur birtast okkur til að mynda í spurningakeppni og í sértilgerðum bókum fyrir börn. Þær hafa þó ekki alltaf verið ætlaðar til skemmtunar. Í bókmenntum, bæði frá Evrópu og Asíu, má sjá að fyrr á tímum þótti það vitna um hreysti eða líkamlegt atgervi að ráða gátu. Í mörgum samfélögum er gátan dæmi um orðsnilld sett fram af hinum fullorðnu, oft á samkomum tileinkuðum gátnasenum og gegna þær oftast alvarlegra hlutverki en því að vera skop. Gátur eru til í flestum samfélögum en í mismunandi tilgangi. Í sumum samfélögum eru þær notaðar til að taka nýja félaga inn í hópinn með vígsluathöfn og sumstaðar fara gátuskipti fram á líkvökum. Annars staðar fyrirfinnast spámenn sem notast við gátur í spádómum sínum. Þeir tala oft í gátum eða nota óljóst eða tvírætt orðalag sem gerir þeim auðveldara fyrir að verja sig ámæli og árásum gangi spádómarnir ekki eftir. Þá geta þeir borið því við að orð þeirra hafi verið mistúlkuð.¹⁹

Gátur virðast eiga sér langa sögu. Þegar þjóðfræðiefni er skoðað má sjá að þær eru meðal þess sem flest dæmi eru til um í fornum arfsögnum á grísku, hebresku, latínu og sanskrít. Aristóteles var til að mynda einn af þeim Forn-Grikkjum sem höfðu áhuga á gátum en hann fjallar um tengslin á milli gátu og líkinga í fleiru en einu riti.²⁰ Elsta gátan sem vitað er um er frá þriðju öld fyrir Krist, komin frá Súmerum.²¹ Á Norðurlöndum er elsta gátan sem vitað er um nokkru yngri en sú sem fannst hjá Súmerum, og er í rúnaristu á *Eggjumsteininum* í Sogni í Noregi sem er frá miðri áttundu öld. Menn greinir reyndar á um hvaða merking liggur að baki rúnunum en sú tilgáta hefur þó verið sett fram að þær tákni nafn, falið í gátu.²²

¹⁸ Sjá Binsted ofl. 1994:633-634

¹⁹ Sjá Blake 2010:41-42

²⁰ Sjá Jón Hnefill Aðalsteinsson 1989:425

²¹ Sjá Blake 2010:41-42

²² Sjá Jón Hnefill Aðalsteinsson 1989:425-426

Ljóst er að saga gátna er löng. Engendingar telja gátuna elsta form veraldlegrar ljóðlistar. Hún er sprottin af bókmenntageininni *aenigma* eða *ráðgátunni* sem upphaflega var ort af enskum fræðimönnum á latínu á sjöundu öld.²³ Gátur voru vinsælar allar miðaldir. Í Englandi samdi Bede (673-735) gátur en það gerðu einnig samtíðarmenn hans þeir Boniface, Hwætberht og Tatwine (eða St Tatwin). Einnig er til safn gátna eftir Aldhelm (640-709) ábóta af Marlbury og seinna biskup í Sherborne. Allir þessir menn eiga það sameiginlegt að þeir eru lærðir og skrifa á latínu. Helstu vitneskju nútímamanna um fornenskar gátur má finna í handriti sem geymir safn af níutíu stökum gátum. Handritið er betur þekkt undir nafninu *The Exeter Book*.²⁴ Talið er að það hafi verið skrifað í lok tíundu aldar en að sumar gáturnar kunni að vera allt frá áttundu öld.²⁵ Gáturnar eru frá einni línu upp í yfir hundrað. Flestar eiga þær það sameiginlegt að hafa alvarlegan undirtón.²⁶

Dónaleg tvíræðni er algeng í gátum og hana má oft finna í *The Exeter Book*.²⁷ En ein helsta skemmtunin við gátur er sjálf ráðgátan sem felst í þeim. Sá sem leysir gátuna veltir fyrir sér mörgum mögulegum lausnum því oft er ekki augljóst hver er sú rétta. Það sem gefið er í skyn hvetur áheyranda/lesanda til að velja eina lausn.²⁸ Oft og tíðum kemur það svar sem talið er álitlegt upp í hugann en í mörgum tilvikum er það klúrt. Sé það raunin er hægt að gefa upp sakleysislega svarið til að reyna að koma þeim, sem spurður er út úr, úr jafnvægi og skemmta þannig sjálfum sér í leiðinni.²⁹

Fræðslutextar frá miðöldum voru oft settir upp sem einskonar samtali á milli lærimeistara og nemanda. Í sumum af þessum samtölum koma fyrir gátur. Einn af varðveittu fræðslutextunum er eftir enska fræðimanninn Alcuin. Þeir sem tala þar saman eru Alcuin og Pepin og svarar Alcuin þá spurningum með kenningum.³⁰ Í sinni einföldustu mynd er kenning tvíliðuð, það er gerð úr tveimur nafnorðum – stofnorði og kenniorði þar sem kenniorðið er í eignarfalli – eða einu samsettu orði þar sem kenniliður ákveður nánar merkingu stofnorðsins. Kenningar eru ekki alltaf gegnsæjar þannig að oft líkjast þær gátum. Þegar kenning er myndhverfð er merking stofnorðsins breytt þannig að

²³ Sjá Tiffany 2001:72

²⁴ Sjá Blake 2010:52

²⁵ Sjá Tiffany 2001:78

²⁶ Sjá Blake 2010:52

²⁷ Sjá Blake 2010:54

²⁸ Sjá Wilcox 2005:50

²⁹ Sjá Blake 2010:54

³⁰ Sjá Blake 2010:55-56

heildarmerkingin verður önnur en stofnorðið eitt bendir til.³¹ Samtal Alcuins og Pepins er stundum eins og spurning og svar sem er gáta þar sem óskýrleikinn, sem fyrirfinnst oftast í spurningunni, er í svarinu eins og sjá má hér:³²

P: Quid est luna?	A: Oculus noctis, roris larga, praesaga tempestatum.
What is the moon?	The eye of night, the giver of dew, the prophet of the weather. ³³
Hvað er tunglið?	Auga næturinnar, gefandi náttfallsins, spámaður veðursins.

Ekki leynir sér hvað merking stofnorðanna er þrengd í svarinu. Kenningarnar sem þar birtast fela að auki í sér persónugervingu sem gera kenningarnar að hálfu meiri gátu. Fólk verður til dæmis að hafa ímyndunarafl til að átta sig á að tungl lýsir eins og auga og verður að auki að hafa þekkingu á menningu sem notar mánann í veðurspá. Margar íslenskar gátur eru í formi vísna og þar sem kenningar eru óvenju ríkt einkenni á ýmsum íslenskum bókmenntagreinum, t.d. dróttkvæðum og rímum, kemur naumast á óvart að í íslenskum vísna gátum leynist svarið oftast en ekki í kenningum. Þesslags gátur má til að mynda finna í *Heiðreks sögu og Hervarar*.

Evrópskar og asískar fornbókmenntir eru uppfullar af sögum þar sem hetjur eru beðnar um að leysa gátur eða taka þátt í gátukeppni. Ekki er vitað fyrir víst hvort gátur voru lagðar fyrir hetjur í raun og veru en í það minnsta hafa sögur þess efnis varðveist. Í Fornaldarsögum Norðurlanda þurfa persónur oft að takast á við þolraun sem reynir á styrk og atferli en einnig gerist það að þær þurfa að leysa gátur. Gátur Gestumblinda sem varðveittar eru í *Heiðreks sögu og Hervarar* eru frægustu gátur norræna miðaldarita.

Tilfni gátñasennunnar í *Heiðreks sögu og Hervarar* var að Gestumblindi var mikill óvinur Heiðreks konungs. Heiðrekur kallaði Gestumblinda á sinn fund til að þeir gætu sæst. Ef Gestumblindi mætti ekki yrði hann gerður höfðinu styttri. En hann var ekki mikill spekingur og vissi því að hann myndi lúta í lægra haldi fyrir Heiðreki. Af þeim sökum blótaði hann á Óðin sér til hjálpar og skömmu síðar drap ókunnur maður á dyr hjá honum, skiptu þeir húsráðandi og gestur um klæði og hélt gesturinn á fund Heiðreks konungs í stað Gestumblinda. Gestumblindi átti að leggja fyrir Heiðrek konung gátur og tækist honum að leggja fram eina sem Heiðrekur ætti ekki svar við fengi hann að halda lífinu. Þegar á hólminn

³¹ Sjá Jakob Benediktsson 2008:144-145

³² Sjá Blake 2010:55-56

³³ Blake 2010:56

er komið svarar Heiðrekur öllum gátum rétt og fara því að renna tvær grímur á persónuna sem segist vera Gestumblindi. Spennuþættinum um hver sé í hlutverki Gestumblinda, er viðhaldið allt til lokaspurningar þegar gátan sjálf varpar ljósi á spyrjandann: „Hvat mælti Óðinn / í eyra Baldri, / áðr hann væri á bál hafiðr?“³⁴ Enginn er til frásagnar um hvað Óðinn hvíslar í eyra dáins sonar síns nema hann sjálfur. Óðinn er orðinn úrkula vonar að finna upp á nægilega flókinni gátu sem lætur viðmælanda standa á gati. Hann tekur því til þess ráðs að spyrja spurningar sem enginn getur vitað svarið við nema hann sjálfur. Líkt og áheyrendur/lesendur áttar Heiðrekur sig á við lokaspurninguna að hér eru brögð í tafla, og að spyrjandinn er Óðinn, ekki Gestumblindi. Heiðrekur dregur fram sverð sitt til að drepa Óðin sem kemst undan með því að umbreyta sér í fálka og fljúga í burtu, þó eftir að Heiðreki hefur tekist að sneiða af honum stélfjaðrirnar. En sem vænta má deyr konungur fyrir en varir.³⁵

Til eru þrjú grunnhandrit af *Heiðreks sögu og Hervarar*. Hér næst á eftir verður fjallað um grunnhandritin. Auk þess verða fimm gátur eins og þær birtast í GKS 2845, 4¹⁰ bornar saman við birtingarmynd sömu gátna er koma fyrir í öðru grunnhandriti, Uppsala R: 715, pappírshandriti frá miðri sautjándu öld.

III Handrit Heiðreks sögu og Hervarar

Heiðreks saga og Hervarar er til í þremur aðalhandritum: Gl. kgl. Sml 2845, 4¹⁰ frá um 1450, Uppsala R:715, pappírshandriti frá miðri sautjándu öld og að lokum í AM 544 eða Hauksbók sem er frá um 1300.³⁶ Af þessum handritum hafa síðan verið skrifuð mörg pappírshandrit.³⁷ Gerðirnar þrjár gera fræðimönnum kleift að skoða hvernig textinn hefur breyst og þróast frá hinum upprunalega texta af *Heiðreks sögu*. Allar eiga það sameiginlegt að laga sig nokkurn veginn að sömu efnisskránni sem hægt er að skipta niður í um það bil sjö hluta. Fjórir af þeim eru í formi vísna, þar á meðal gátur Gestumblinda.³⁸

Eyður eru í öllum grunnhandritum en GKS 2845 4¹⁰ er heildstæðasta handritið. Þetta er handritið sem Jón Helgason notast við í útgáfu sinni af sögunni frá 1924. Í þeirri

³⁴ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:50

³⁵ Sbr. t.d. Blake 2010:50-51

³⁶ Sjá Hall 2005:2


³⁷ Sjá Jón Helgason 1924:Inledning

³⁸ Sjá Hall 2005:2


útgáfu má einnig finna staðlaða gerð af sögunni sem birtist í Hauksbók sem og afskrift af Uppsalahandritinu með leiðréttingum Jóns.³⁹

Jón Jónsson sem er betur þekktur undir nafninu Jón Rúgman var ættaður frá Rúgstöðum í Eyjafirði. Hann kom til Svíþjóðar líklega sem stríðsfangi af dönsku skipi en fékk atvinnu hjá háskólanum í Uppsölum sem þýðandi íslenskra fornbókmennta og kennari í íslenski tungu.⁴⁰ Jón kom með mörg íslensk handrit með sér frá Íslandi.⁴¹ Á meðal þeirra var pappírshandrit af *Heiðreks sögu og Hervarar*. Handritið var í slæmu ástandi og er skriftin illskiljanleg. Sumar vísur þess eru svo illa upp skrifaðar að ekki er annað að sjá en skrifari hafi ekki botnað í þeim. Það kann að vitna um að menn hafi ekki lagt jafn mikið upp úr skilningi á vísum og gátum og á öðru efni. Jón Rúgman reyndi að bæta handritið sem best hann kunni, til dæmis með því að notast við Heiðreks rímur. Handritið sem hann kom með til Svíþjóðar er Uppsalahandritið: Uppsala R:715.

Í formála að *Heiðreks sögu og Hervarar* setur Jón Helgason fram stemmu til að sýna tengsl aðalhandritanna hvert við annað. Það sama gerir Alaric Hall í grein sinni *Changing Style and Changing Meaning, Icelandic Historiography and the Medieval*. Ólíkt Jóni sýnir Hall tengsl á milli R, GKS 2845 4^{to}, og U, Uppsala R:715.⁴² Útlit stemmanna er eftirfarandi:



Stemma Jóns Helgasonar



Stemma Alaric Hall

Bæði stemmun gera ráð fyrir að textarnir af Heiðrekssögu sem til eru komi frá upphaflegu handriti sem nú er týnt. Eins og sjá má á stemmunum hafa breytingar orðið á textanum frá grunnhandritinu til handritanna sem við þekkjum í dag.⁴³ Jón Helgason

³⁹ Sjá Hall 2005:2-3

⁴⁰ Sjá Anna Z. Osterman 1944:13

⁴¹ Sjá Saga Conference 2009.

⁴² Sjá Hall 2005:3

⁴³ Sjá Hall 2005:3

gerir ráð fyrir þremur sjálfstæðum megingerðum sem komi frá upphaflega handritinu en Hall aðeins tveimur.

Þegar gátur Gestumblinda eru skoðaðar í GKS 2845, 4^{to} og í Uppsala R: 715 er ljóst að í mörgu ber á milli. Sumar gátur eru öðruvísi orðaðar, útskýringar gátna í Uppsalahandritinu eru oft lengri en í GKS 2845, 4^{to} og sumar gátur eru ekki í báðum ritum. Það sem kemur einna helst á óvart er hvað lausnir eru stundum ólíkar í handritunum. Svo virðist vera sem Jóni Helgasyni hafi ekki þótt mikið koma til handritsins Uppsala R:715 og ekki heldur Jóns Rúgmans sem vann að breytingum á því. Þá ályktun er bæði hægt að draga af því að Jón Helgason sýnir engin tengsl á milli handritsins og GKS 2845, 4^{to} sem og af leiðréttingum hans á Uppsalahandritinu er hann birtir í útgáfu sinni af *Heiðrekssögu og Hervarar*. En afstöðu Jóns er kannski vert að endurskoða. Að minnsta kosti er afar áhugavert að skoða mismun handritanna og því verða fáeinar gátur bornar saman til að sýna brotabrot af honum.

III.I

Gátan um Óðin og Sleipni er nánast eins í báðum handritum en eins og sjá má eru gefnar örlítið meiri upplýsingar í gátunni sem birtist í Uppsalahandritinu:

GKS 2845, 4^{to}

„Huerír ero þeir íí,
er x hafa fáetr,
augu ííí
ok einn hala?
Heiðrekr konungr,
hygðu at gatu!“⁴⁶

Uppsala R:715

„Huorier*⁴⁴ eru þeir ij þegnar,
er rida þingi ad,
x hafa fætur,
3 augu
og 1 hala?“⁴⁵

Aðeins munar einu orði á að lausnin á gátunum sé eins orðuð. Í GKS 2845, 4^{to} er lausnin eftirfarandi: „Þat er þa er Odín ridr Sleipni.“⁴⁷ Í Uppsalahandritinu hljómar hún á þessa leið: „Þad er þa Odinn ridur Sleipni.“⁴⁸ Þar eru líka gefnar upplýsingar þess efnis að þeir sem um ræðir komi ríðandi að þingi. Af persónufornafninu, „þeir“, sem kemur fyrir í fyrstu línu beggja gátanna er ljóst að spurt er um karlkyns verur. Af viðbótar upplýsingunum sem birtast í Uppsalahandritinu má draga þann lærdóm að persónurnar fari um *ríðandi* og þá jafnframt að um mikilvægar persónur sé að ræða, því ljóst er að

⁴⁴ *Ruglingur á hvör og hver hefur svo lengi verið til staðar að ekki verður hirt um hann hér.

⁴⁵ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:139

⁴⁶ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:82

⁴⁷ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:82

⁴⁸ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:139-140

ekki fer hver sem er á þing. Í Uppsalahandritinu kemur einnig fram að um *tvo þegna* sé að ræða. Þessar upplýsingar eru villandi þar sem að orðið *þegn* á allajafna við um ‚mann‘ en ekki ‚dýr‘. Gátan sem birtist í Uppsalahandritinu gefur meiri vísbendingar en ekki endilega skýrari en gátan sem birtist í GKS 2845, 4^{to}. Erfitt er því að halda því fram að önnur gátan sé betri en hin, eða skýrari. Annað mál er hins vegar að betur er hér kveðið í GKS 2845, 4^{to} en Uppsalahandritinu.

III.II

Ein er sú gáta og lausn sem er svipuð í báðum handritum. Þess ber þó að geta að gátan sem birtist í Uppsalahandritinu er dæmi um illa skrifaða vísu. Hægt er að lesa orðin í fyrri hluta hennar og gera ráð fyrir augljósum skrifaravillum í sumum þeirra – t.d. ‚mag‘ í stað ‚maug‘ – en við seinni hlutann er lítið hægt að gera. Gátan sem um ræðir hljómar svo:

GKS 2845, 4^{to}

„Hueriar eru þær rygíar
a regín fialli,
elr uid kuan kona,
þar til er maug um getr,
ok eigod þær uarder uera?
Heidrekr konungr,
hygþu at gatu!“⁵⁰

Uppsala R:715

„Huoriar eru þær ryar
a reinn fialli,
mag gietur yfir
garn kuenna
eigur það vardir vera?“⁴⁹

Textarnir eru vissulega ekki eins orðaðir en inntak þeirra er í meginráttum hið sama. Þar sem erfitt er að fá botn í seinni hluta vísunnar í Uppsalahandritinu er vert að beina sjónum að muninum á lausnunum í handritunum tveimur. Svarið sem birtist við gátunni í útgáfu Jóns Helgasonar er þetta: „God er gata þin Gestumblindi, getid er þessar; þat eru huanir í ok huanar kalfr a milli þeira.“⁵¹ Svarið í Uppsalahandritinu er hins vegar svohljóðandi: „H(eidrekr) sagdi: „smækast nu gaturnar, og mun þig nu þriota; þessi gata er ovond; það eru huannir tuær og kalfur i milli þeirra, eda villtu nu hlyda domi spekinga minna?“⁵²

Kjarni málsins er að sjónum manna er beint að mannverum, völdugum konum, og gert ráð fyrir mökun sem ekki er hugsanleg á milli manna, kona + kona getur kálf. Eitt orð eða öllu heldur skortur á einu orði gerir lausnina í Uppsalahandritinu mun skemmtilegri en hún er í GKS 2845, 4^{to}. Í útgáfu Jóns Helgasonar er talað um *hvannarkálf* en í Uppsalahandritinu er aðeins talað um *kálf*. Orðið „kálfur“ táknar fyrst og fremst ‚ungviði kvíga‘. Orðið

⁴⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:133-134

⁵⁰ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:65

⁵¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:66

⁵² *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:133-134

hvanmarkálfur gefur í skyn að svarið sé ‚hvanngæðlingur‘, eða nokkurs konar ‚ungviði plöntu‘ líkt og ‚kálfur‘ er ‚ungviði kvígu‘. Orðið *hvanmarkálfur* er hvergi til í íslenskum orðabókum né í ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Samkvæmt orðalista orðabókarinnar í Kaupmannahöfn er eina dæmið um þetta orð að finna í *Heiðreks sögu og Hervarar*. Það má því ef til vill álykta sem svo að sá sem ritað hafi GKS 2845, 4^{to} hafi ekki fundist nægilega skýrt að tala um *kálf* og þar með bætt framan við orðið, orðinu ‚huanar‘ (hvannar-). Með því að hafa orðið samsett er merkingin afar augljós en ekki jafn skemmtileg og reynir ekki eins mikið á lesandann og þegar orðið *kálfur* er látið standa eitt og stakt. Segja má að lausnin í Uppsalahandritinu sé jafnframt hálfgerð gáta þar sem þess er krafist að lesandi víkki út skilgreiningu sína á orðinu *kálfur* og átti sig á að í þessu samhengi á það við um ‚ungviði hvannar‘ en ekki ‚ungviði kvígu‘.

III.III

Ein af gátunum sem birtist í öllum þremur grunnhandritum *Heiðreks sögu og Hervarar* er eftirfarandi:

GKS 2845, 4^{to}

Baru bruder
bleikhaddaþar
ambattir tuær
aul til skemmu;
ei uar þat handum horfít
ne hamrí at klappat,
þo uar firi eyíar uttan
arþígr sá er gerdi.
Heidrekr konungr,
hygðu at Gatu!

„God er gata þin
Gestumblindi,
getid er þessar; þar fara
suanbrupir til hreiþurs
síns ok uerpa eggíum;
skurm a eggí
er eigi handum gert
klapad, en suanr er firi
eyíar uttan
arþígr sa er þær
gatu egiN uid.“⁵³

Hauksbók, AM 544

„Báru brúðir
bleikhaddaðar,
ambáttir tvær,
öl til skemmu ;
vara þat höndum horfít
né hamrí klappat,
þá er fyrir eyjar utan,
orðigr sá er ker gerði.
Heiðrekr konungr,
hyggðu at gátu!“

„Góð er gáta þín,
Gestumblindi,
getit er þeirar ;
þat eru æðar tvær
þær er eggjum verpa ;
eggín eru eigi gør með
hamrí eða höndum en
þjónostumeyjar báru
ölit í eggskurninni.“⁵⁴

Uppsala R:715

Baru brudir
bleikhaddadar
ambattir tuær
adur til skiemmu;
voru þeir lyndum horfid,,
nei harmi klap,
þa er fyrir eyiar vtann
anoþigur sa er kongur giordi.“

H(eidrekr) sagdi:
„Þad er egg og vngi i;
skurn er hus iodur sinz;
þat er huorki sleigid hamri nie
hendi
suanrin, madur er þad giordi,
hann syngur aurðþigur
fyrir vtann eyar.“⁵⁵

⁵³ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:64

⁵⁴ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:69-70

⁵⁵ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:137

Þrátt fyrir að vísan úr Uppsalahandritinu sé illa upp skrifuð má sjá að lausnin við gátunni þar er áþekkt lausninni sem finnst í GKS 2845, 4^{to}. Í Hauksbók er lausnin aftur á móti önnur og bendir ýmislegt til þess að skrifari hafi ekki skilið gátuna sem skyldi. Til að byrja með má nefna að í Hauksbók kemur fram að „æðar“ hafi verpt eggjunum en ekki *svanir* líkt og hin handritin gefa til kynna. Christopher Tolkien bendir á í athugasemdum sínum við gáturnar að líkindin með lausnum Uppsalahandritsins og GKS 2845, 4^{to} auk lýsingarorðanna „bleikhaddaðar“ og „örðigr“ gefi til kynna að rétta svarið við gátunni sé *svanur* en ekki *æður*.⁵⁶

Orðabækur styðja skoðun Tolkiens. Lýsingarorðið *bleikhaddaður* er samkvæmt *Íslenskri orðabók* dæmi um fornt/úrelt skáldamál sem merkir „bleikhár“⁵⁷. „Bleikhár“ er samkvæmt sömu orðabók úrelt/fornt orð sem merkir „með bleikt (þ.e. ljósgult) hár“⁵⁸. Í *Lexicon Poeticum* frá 1913-1916 skýrir Finnur Jónsson orðið *bleikhaddaður* á þessa lund: „**bleikhaddaðr**, adj, med blegt ɔ: hvidt hár, om bølgerne.“⁵⁹ Þar sem að kvenkynsæður, kolla, er brún á lit getur naumast verið að lýsingarorðið *bleikhaddaður* eigi að vera vísbending að um *æði* sé að ræða.

Lýsingarorðið „örðigr“ er að finna í íslenskum-enskum orðalista G. Turville-Petre í útgáfu hans á *Hervarar sögu og Heidreks*. Þar kemur fram að á ensku merki orðið „upright, erect“⁶⁰ sem á íslensku útleiggst „uppréttur“ eða „beinn“. Í *Lexicon Poeticum* er að finna nánari útskýringu á orðinu „örðigr“ en þar segir: „**örðigr**, adj, rejsende sig höjt i vejret, om svanens rejsning“⁶¹ Orðið virðist beinlínis lýsa því hvernig svanur teygir höfuðið upp á við. Ef skoðaðar eru myndir bæði af svani og æði er auðvelt að sjá að svanurinn er með mun lengri og uppréttari háls en æðurinn.



Kolla⁶²



Álf⁶³

⁵⁶ Sjá *The Saga of Heidrek the Wise* 1960:36

⁵⁷ Mörður Árnason 2007.

⁵⁸ Mörður Árnason 2007.

⁵⁹ *Lexicon poeticum* 1913:52

⁶⁰ Turville-Petre 1997:143

⁶¹ *Lexicon poeticum* 1913:662

⁶² Sögusmiðjan

⁶³ Fuglavefur Djúpavogs

Þessi samanburður auk skýringarinnar úr *Lexicon Poeticum* sýnir svo ekki er um villst að lýsingarorðin eru vísbendingar sem eiga frekar við *svan* en *æði*.

Að lokum má benda á að skrifari Hauksbókar tvískýrir fyrrihluta gátunnar: „Báru brúðir bleikhaddaðar, /ambáttir tvær, /öl til skemmu;“. Það gerir hann í upphafi lausnar: „þat eru æðar tvær þær er eggjum verpa“ og í lok lausnar: „þjónostumeyjar báru ölit í eggskurninni.“ Hann gleymir þar með að útskýra lokalínur gátunnar: „þá er fyrir eyjar utan, / orðigr sá er ker gerði“ sem skýrðar eru sem ‚svanur‘ bæði í GKS 2845, 4^{to} sem og í Uppsalahandritinu. Vera má að ástæðan fyrir þessarri gleymsku sé sú að skrifari hefur ekki skilið gátuna til fulls. En mestu skiptir að í þessari gátu að minnsta kosti stendur Uppsala handritið nærri GKS 2845, 4^{to} en Hauksbók ein og sér.

III.IV

Stundum virðist sem Jóni Helgasyni finnist hann knúinn til að pota í eitthvað í Uppsalahandritinu. Það gerir hann til dæmis í athugasemdum sínum við þessa gátu:

„Huoriar eru þær eckiur,
ad ganga margar samann
ad forvitni fodur;
skialldann eru þær blidar
og skulu [vid vind taka]?“
H(eidrekur) kongur sagdi: „
þad eru Ægis dætur; þær ganga iij samann,
er vindur vekur þær.“⁶⁴

Athugasemdin sem Jón gerir á við sjöttu braglínu en hann segir að hún sé rangtúlkun á braglínunni: *í vindi vaka*, sem finna má í gátunni eins og hún birtist í GKS 2845, 4^{to}.⁶⁵

„Hueríar eru þær eckíor,
er ganga allar saman
at foruít ní foþur;
síalldan bliþar
eru þær uid seggía lid
ok eígu þær i uíndí uaka?
Heidrekr konungr,
hygþu at gatu!“
„Þat eru Ægis eckior, suo heita alldur.“⁶⁶

⁶⁴ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:132

⁶⁵ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:76-77

⁶⁶ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:76-77

Athugasemd Jóns er í raun og veru óþörf. Enda þótt það hljómi betur að tala um að *öldur skulu í vindi vaka* eins og Jón vill hafa það, og stuðlasetning sé þá kórrétt, er alveg eins hægt að segja að *öldur taki við vindi* líkt og í Uppsalahandritinu. Gátan sem birtist þar er örlítið önnur gerð af sömu gátu og finna má í GKS 2845, 4^{to}. Líkt og vísur hafa gátur ferðast á milli manna og tekið breytingum á ferð sinni. Því má vera að gátan sem birtist hér í báðum handritum sé af sama meiði. Hvorug gátan er réttari en hin eða öllu heldur með réttara orðalagi og því eru leiðréttingar eða athugasemdir Jóns Helgasonar óþarfar.

III.V

Svo er að sjá sem fræðimenn hafi ekki ætíð komið sér saman um merkingu einstakra orða eða vísbendinga sem finna má í gátum Gestumblinda. Það má ráða af skýringum þeirra og túlkunum á gátunum. Í greininni *Síðasti furðufuglinn – eða gæsin sem stóð á öndinni*⁶⁷ fjallar Aðalsteinn Eyþórsson um gátuna um fuglinn, „nösgásina“:

GKS 2845, 4^{to}

„Míok uar forþum
nau gas uaxin,
barngórn su er bar
butímbr saman ;
hlífpu henni
halms bít skalmir,
þo la dryckíar
dryn hran yfir.“

„þar hafði aund buít hreidr sítt í millí nauz kíalka, ok la hausinn ofan yfir.“⁶⁸

Í grein sinni eltir Aðalsteinn uppi og skoðar bæði skýringar og þýðingar ýmissa fræðimanna á gátunni. Með könnun sinni kemst hann að því að fræðimenn hafa allflestir misskilið vísbendingar gátunnar og lausnina. Flestir telja að hún fjalli um einhverskonar fugl, „nösgás“, og átta sig ekki á að spurt er um „andardrátt“ enda þótt tekið sé fram að um sé að ræða „önd“ sem hafi hreiðrað um sig milli nautskjálka og haus yfir. Skýringar fræðimanna eru margar hverjar kostulegar, ekki síst þegar þeir reyna að varpa ljósi á hverskonar tegund af fugli kunni að vera um að ræða; þá nefna þeir til dæmis toppönd og blesönd.⁶⁹ Ein gátnanna sem er bæði í GKS 2845, 4^{to} og Uppsala R:715 hefur fengið svipaða útreið fræðimanna og þýðenda og gátan sem Aðalsteinn fjallar um. Reyndar er

⁶⁷ Aðalsteinn Eyþórsson 2002

⁶⁸ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:77-78

⁶⁹ Sjá Aðalsteinn Eyþórsson 2002

gátan sem um ræðir afar flókin úrlausnar og því skyldi engan undra að hún hafi staðið í þeim sem unnið hafa með hana. Hún hljómar svo:

GKS 2845, 4^{to}

„Fara ek sa
folldar molldbua,
a sat nadr a naí ;
blindr reid blindum
brimreiðar til,
þa iðr uar andar uanr.
Heidrekr konungr,
hygðu at gatu!”

Svar: God er Gata þin
Gestumblindi, getid er þessar;
þar faNtu hest dauðan a ísíaka
ok arn dauðan a hestínum,
ok rak þat allt saman eptir anní.”⁷¹

Uppsala R:715

„Fara er eg sa
folldar molldbua,
a satnadar a nu ;
blindur ad blindum
bunreidur ofda,
ior var andar vanr.”

Svar: „þar fanstu stein; hann mun hafa
leigid í isiaka ; steirn er molldbui ;
þetta muntu hafa rekið allt samann
a vatni; þar voru badir blindir og
dauðir.”⁷⁰

Eins og sjá má er vísan í Uppsalahandritinu illa upp skrifuð. Það skiptir þó ekki höfuðmáli því hér skal sjónum beint að muninum á milli ráðninga. Samkvæmt ráðningunni í GKS 2845, 4^{to} er í gátunni lýst dauðum erni á dauðum hesti sem saman fljóta á ísjaka eftir á, þ.e. fljóti. Lausnin er ólík þeirri sem birtist í Uppsalahandritinu en þar er talað um að steinn liggi á ísjaka og saman reki þeir eftir ánni. Þrátt fyrir að svörin séu gefin bíður lesandans það verkefni að ráða í hvernig leiða megi lausnir út frá gefnum vísbendingum. Líkt og áður hefur verið getið um hafa margir fræðimenn lagt hönd á plóg við að skýra upplýsingarnar sem finna má í gátunni og er gaman að skoða niðurstöður þeirra.

Fyrsta vísbending gátunnar birtist í annarri braglínu en þar koma fyrir orðin „folldar moldbúa“. Misjafnt er eftir handritum hvað þessi vísbending er talin merkja. Í Uppsalahandritinu er talað um að *folldar moldbúinn* sé ‚steinn‘ en í GKS 2845, 4^{to} er ekki ljóst hvort vísbendingin á við ‚ísjakann‘, ‚dauða hestinn‘ eða ‚örninn‘. Til að reyna að finna út hvað orðin, „folldar moldbúi“, eiga að standa fyrir er ágætt að skoða orðabókaskýringar þeirra og hvernig fjallað er um þau í þýðingum.

Ef byrjað er að huga að orðinu *fold* er hefðbundnasta merking orðsins líklega sú sem stendur í *Íslenskri orðabók*. Þar segir að *fold* sé „jörð, frón, land eða mosálag“.⁷² Svipaða merkingu má einnig finna í *An Icelandic-English Dictionary* frá 1874:

⁷⁰ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:137

⁷¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:66-67

⁷² Mörður Árnason 2007

FOLD, f. [A. S. *folde*; cp. Engl. *field*, Germ. *feld*], a *field* of soft grass; flatafoldir, *fields*, Bs. ii. 79; hence fylldinn, adj., q.v. **Foldir**, f. pl. local name of a grassy oasis in western Icel.; rare in prose, but freq. in poetry: -- generally *the earth...* **II.** the name of a fjord and county in Norway, the modern Christjaníafjorð; Vest-fold, *West-fold*, a county; perhaps 'fold' is to be taken in this sense, viz. = fjörðr in Hm. 138.⁷³

Hér birtast viðbótar upplýsingar þess efnis að orðið geti einnig verið nafn á *firði*. Sama er uppi á teningnum í orðabók Fritzners en þar er talað um *fold* sem ‚jörð‘ og ‚fjarðarheiti‘.⁷⁴

Ýmsar skýringar koma fram um hvað *moldarbúi* sé en flestum ber saman um að það sé ‚vera sem búi í jörðinni‘. Í *An Icelandic-English Dictionary* er skýring orðsins svohljóðandi:

„**mold-búi**, a, m. a *mould-dweller*, a *ghost in a how*, Ísl. ii. (in a verse).“⁷⁵

„Moldbúi“ eða „jarðarbúi“ getur minnt á látinn einstakling því eftir dauðann er siður að jarða fólk. Sú trú hefur lengi lifað hér á landi að eftir dauða sinn breytist menn (og dýr) í drauga ef þeir eigi einhverjum verkefnum ólokið. Það er því ef til vill ekki skrítið að höfundar bókarinnar, þeir Cleasby og Guðbrandur Vigfússon, tengi *moldarbúa* við ‚draug‘. Fritzner er ekki eins nákvæmur í sínum skýringum en hann segir: „Moldbúi: moldbúi m moldbúi, m. Væsen som har sit Tilhold i eller under Jorden (jvf haugbúi, hraun-búi, djúplendingr; dansk: Molbo); faraek sá foldar moldbúa Herv. 253“⁷⁶

Í túlkunum á gátunni fer ekki mikið fyrir útskýringum á orðunum tveimur. Í *Den Ældre Edda og Eddic Minora* þýðir Martin Larsen orðin: „jordvant Højbo“⁷⁷ án þess að skýra þýðinguna nánar. Áke Ohlmarks þýðir orðin „folkværlens mullsorkar“⁷⁸. Hann bætir síðan við skýringu sem er þó af skornum skammti: „folkværlens mullsorkar: foldar moldbúar, eg » jordens moldbor“⁷⁹ Hvorki Christopher Tolkien⁸⁰ né G. Turville-Petre⁸¹ hafa fyrir því að útskýra orðin í sínum þýðingum og útgáfum. Finnur Jónsson þýðir gátuna í *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning BII* og birtist þar hugmynd hans um merkingu orðanna: „Jeg så en jordens muldbo (orm) fare afsted...“⁸² Samkvæmt Finni er *folldar moldbúi* ‚ormur‘. Þess ber að geta að í Hauksbók, er lausn gátunnar sögð vera

⁷³ Richard Cleasby og Guðbrandur Vigfússon 1969

⁷⁴ Fritzner 1954.

⁷⁵ Richard Cleasby og Guðbrandur Vigfússon 1969

⁷⁶ Fritzner 1954.

⁷⁷ *Den Ældre Edda og Eddic Minora* 1943:196

⁷⁸ *Den Glömda Eddan* 1955:63

⁷⁹ *Den Glömda Eddan* 1955:63 196

⁸⁰ Sjá *The Saga of Heidrek the Wise* 1960

⁸¹ Sjá Turville-Petre 1997

⁸² Finnur Jónsson 1973:242

,dauður ormur á dauðum hesti, siglandi á ísjaka á á'.⁸³ Þá vikuð örninn fyrir *orminum*. Skýring Finns virðist vera nokkuð rökrétt í ljósi þess að ormar lifa í jörðinni. Eitthvað breytist skoðun hans þó því í *Lexicon Poeticum* frá 1913-1916 gefur hann upp eftirfarandi skýringu á orðinu *moldbúi*: moldbúi: m. 'moldbo', moldar m., *skal være betegnelse for 'den døde hest'*⁸⁴ Hér breytist *moldbúinn* úr því að vera ,ormur' eða ,örn' yfir í að vera ,dauður hestur'. Hross voru algengasta haugféð í íslenskum kumlum. Þau voru heygð ýmist í sama kumli og maðurinn eða í sérstöku kumli rétt hjá.⁸⁵ Í ljósi þessa er ef til vill ekki skrítið að tala um dauðan hest sem „moldbúa“. En það sem er undarlegt í þessu tilviki er að *dauði hesturinn* sem búíð er að heygja er allt í einu kominn upp úr jörðinni yfir á *ísjaka* sem flýtur eftir á.

Ljóst er að ólíkar hugmyndir eru uppi um hvað orðin *folldar moldbúi* standa fyrir. Hægt er að ætla að fræðimenn hafi einkum skoðað Hauksbókarhandritið og GKS 2845, 4¹⁰ þar sem enginn nefnir lausina er birtist í Uppsalahandritinu. Uppsalahandritið er um 350 árum yngra en Hauksbók og um 200 árum yngra en GKS 2845, 4¹⁰. Ráðningin í Uppsalahandritinu bendir til að *folldar moldbúi* sé *steinn*. Hugsanlegt er að skrifarinn hafi ekki skilið gátuna og gefi því upp lausn sem honum virðist rökrétt miðað við það sem hann skilur. En vera má einnig að hann fari rétt með lausnina en skrifi vísuna rangt upp.

Þegar lesandi les gátuna hlýtur hann að hnjóta um samsetninguna margumtöluðu, „*folldar moldbúi*“. Bæði orðin tengjast sterklega orðinu *jörð* og því er skrítið að stilla þeim upp saman. Enginn fyrrnefndra fræðimanna hefur nefnt að orðin gætu verið vísbending um *ísjakann* sem birtist í svarinu. Áður hefur komið fram að *fold* er einnig nafn á ,firði'. Í orðsifjabók Ásgeirs Blöndals kemur fram að í frumnorsku og nýnorsku komi orðið „*Fold*“ ekki einungis fyrir sem fjarðarheiti heldur einnig sem árheiti.⁸⁶ Ef *fold* er í gátunni sérnafn, (sem heyrir vissulega ekki þegar texti er fluttur upphátt líkt og Gestumblindi gerir), gæti *folldar moldbúi* verið ,ísjaki'. *Jörð* ,ísjakans' er ,á', ,sjór' eða ,vatn' og í þeim skilningi er hann einshverskonar *moldbúi Foldar*.

Þriðja braglína gátunnar í Uppsalahandritinu er nær ólæsileg. Í athugasemdum sínum segir Jón Helgason línuna rangtúlkun á orðunum „a sat nadur a na“.⁸⁷ Í GKS2845, 4¹⁰ stendur „nadr

⁸³ Sjá *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:74

⁸⁴ *Lexicon poeticum* 1913:409

⁸⁵ Kristín Huld Sigurðardóttir 2004:10

⁸⁶ Ásgeir Blöndal 1989:200

⁸⁷ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:137

a naí“.⁸⁸ Ef litið er á orðið „nadr“ má leiða líkum að því að þar sé ort fólgið eða ofljóst. *Naðr* merkir ‚ormur‘ sem merkir ‚vargur‘ sem getur merkt ‚örn‘ og er þá komin skýring á *dauða erninum* í svarinu. Málið vandast þegar kemur að seinni hluta braglínunnar: „a naí“. Spurningin er hver er *nár*, ‚andvana lík‘? Frekari upplýsingar koma fram í tveimur næstu braglínunum en þar segir: „blindr rid blindum / brimreiðar til,“⁸⁹. Hægt er að gera því skóna að lýsingarorðið *blindur* gefi í skyn að um tvær dauðar verur sé að ræða. Önnur veran er þá líklega *örninn*. Sagnorðið *ríða* gefur þær upplýsingar að *örninn* sitji á einhverskonar reiðskjóta. Menn eru iðulega sammála um að „brimreiðar til“ merki ‚í átt að sjónum‘.⁹⁰ Í sjöttu braglínu er skýrari skírskotun í reiðskjóta en hún hljómar á þessa leið: „þa iðr uar andar uanr“⁹¹. Það er umhugsunarefni hvort reiðskjótarnir sem eru nefndir séu einn og sá hinn sami eða tveir.

Í ráðningu GKS2845, 4¹⁰ er líklegt að ‚andvana líkið‘ (naí, þgf. af *nár*) sé *dauði hesturinn*. Dauðir hlutir eru vanalega ekki sagðir vera náir og því ólíklegt að um *ísjakann* sé að ræða. Sögnin að *ríða* er tengd hestum sterkum böndum og gæti því verið vísbending um að andvana líkið sé hestur. Ólíklegt er að lesa eigi braglínuna: „jór andar vanr“, í bókstaflegri merkingu þar sem vani er í hefðbundinni gátu að leiða út lausnir frá gefnum vísbendingum. Martin Larsen gerir athugasemd sem á við þessa braglínu og merkingu hennar í þýðingu sinni sem birtist í *Den Ældre Edda og Eddica Minora*. Hann segir: „*Hesten var haabløs død*, Omtalen af den døde Hest skyldes sikkert en Misforstaaelse. Den Ting, Gaaden handler om, maa naturligvis ikke nævnes direkte.“⁹²

Greinilegt er að Larsen les braglínuna bókstaflega. Ég er sammála Larsen að því leyti að „jór andar vanr“ á líklega ekki við um *dauða hestinn*. Ég tel að upplýsingar braglínunnar eigi við *ísjakann*. *Ísjakinn* er ‚reiðskjóti‘ *dauða hestsins* og *dauða arnarins* og hann er vissulega ‚dauður‘. Ég er því ósammála G. Turville-Petre sem segir í skýringum sínum að ekkert í gátunni gefi upplýsingar um *ísjakann* í svarinu. Eina mögulega vísbendingin sem hann nefnir í samanburði við *ísjakann* er að „brimreiðar til“ merki vanalega ‚að sjónum‘ (e. „to the sea“) og ef „brimreiðar til“ væri leiðrétt í ‚brimreiðar á‘ gæti verið komin útskýring á *ísjakanum*.⁹³

⁸⁸ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:66

⁸⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:66-67

⁹⁰ Sjá til dæmis í skýringum Christopher Tolkien: *The Saga of King Heidrek The Wise* 1960, í skýringum G. Turville-Petre: *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997, í skýringum Martin Larsen: *Den Ældre Edda og Eddic Minora* 1943 og í þýðingu Finns Jónssonar: *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning BII* 1973

⁹¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:66

⁹² *Den Ældre Edda og Eddica Minora* 1943:196

⁹³ Turville-Petre 1997:80

Þar sem vísan í Uppsalahandritinu er illa upp skrifuð er ekki víst að skrifari hafi skilið gátuna eins og fyrr var nefnt. Í lausninni í Uppsalahandritinu er enginn dauður hestur. Þar sem aðeins er talað um *stein* og *ísjaka* hlýtur *ísjakinn* að vera í hlutverki reiðskjótans sem lýst er sem „jór andr vanr“ og þess *blinda* er *steinninn ríður*. Þó er vert að spyrja sig hvort það geti staðist. Orðið *nár* er eingöngu notað um „andvana lík“. *Ísjaki* hefur aldrei verið „lifandi“ og því spurning hvort hægt er að notast við orðið *nár* sem lýsingu á honum jafnvel þó um gátu sé að ræða.⁹⁴

G. Turville-Petre og Christopher Tolkien nefna báðir í skýringum sínum að Bugge sé ósammála hvorutveggja, lausn Uppsalahandritsins og GKS2845, 4^{lo}. Bugge álytur að lausnin sé: dauð naðra á ísjaka (e. „dead snake on an icefloe“). Hann telur að í gátum megi kalla alla líflausa hluti „dauða“ og „blinda“ og því eigi orðin „blindum“ og „nái“ við *ísjakann* á meðan að orðin „blindr“ og „nár“ eigi við *dauðu nöðruna*. Hesturinn („jór“) sé einnig vísbending um *ísjakann*.⁹⁵

Þó svo að aðeins hafi verið bornar saman fimm gátur í ólíkum handritum má sjá að töluverður munur er á milli bæði gátnanna og svara Heiðreks. Munurinn birtist í ýmsu. Til að mynda má nefna mismunandi orðalag og ráðningar. Í Uppsalahandritinu eru stundum gefnar upp meiri upplýsingar í gátunum og þar eru útskýringar lausnanna oft meiri. Það ætti því að vera ljóst að mikilvægt er að ganga ekki framhjá Uppsalahandritinu við athugun á gátum Gestumblinda.

IV Fimm gátur Gestumblinda

Eins og fram hefur komið fylgir svar Heiðreks konungs eftir hverja gátu Gestumblinda. Lesendum gefst því nú sjaldnast færi á að reyna snilli sína og leysa gáturnar sjálfir. En ætla má að áður fyrr hafi þær verið lesnar upp eða fluttar og flytjandinn hafi beðið í örlitla stund á meðan áheyrendur veltu fyrir sér hvert svarið gæti verið. Skemmtun þess sem las gátuna áður fyrr fólst hins vegar kannski í því að skoða gátuna og velta fyrir sér hvaða upplýsingar hún gaf og hvernig þær vísuðu til svarsins. Ráðning lesandans/hlustandans er án efa ekki alltaf sú sama og svar Heiðreks, þar skiptir ímyndunaraflíð máli og hvernig unnið er með það sem upp er gefið. Ef mismunur er á svari þess sem nýtur gátunnar og lausn sögunnar er eins víst að njótandinn hafi hugsað

⁹⁴ Turville-Petre 1997:80

⁹⁵ Sjá Turville-Petre 1997:80 og Tolkien 1960:37

eitthvað skakkt eða hafi ekki þá menningarlegu vitneskju sem er krafist. En einnig er hugsanlegt að þraut gátunnar megi leysa á fleiri en einn veg; að hún hafi breyst í tímanna rás; að þeim sem hafi samið söguna eða skrifað upp hafi einhvers staðar skjöplast o.s.frv.

Séu gátur Gestumblinda skoðaðar í ljósi formeinkenna gátna sem fjallað var um í II.I reynast langflestar þeirra fela í sér metafóru (um 17) en orðaleikir eru þó nokkrir (9-12), meðan sjaldgæft er að gáturnar snúist eingöngu um menningarlega þekkingu. Oft eru þær sambland af orðaleikjum eða metafórum og menningarlegri þekkingu. Gátur Gestumblinda eru oft sambland af tveimur eða fleiri flokkum og hef ég þá valið að flokka þær eftir þeim þætti sem mér finnst gert hæst undir höfði innan gátunnar.

Afstaða manna til metafóra hefur breyst mikið á síðustu 30 árum. Þar valda mestu skrif hugfræðinganna Lakoffs og Johnsons. Þeir telja að tungumálið sé nátengt almennu hugarstarfi. Samkvæmt þeim félögum er mannum ekki aðeins eiginlegt að lýsa reynslu sinni með líkingum heldur telja þeir að þær markist gjarnan af viðmiðum sem líkami hans setur.⁹⁶ Í bókinni *Metaphors We Live By* segja þeir metafóruna vera aðferð til að skilja eitt fyrirbæri í ljósi annars. Gera þeir ráð fyrir að tvö hugtakasvið (*e. conceptual domains*) einkenni metafóruna, þannig er hluta af einu sviði, upptakasviðinu (*e. source domain*), varpað yfir á annað ólíkt, svokallað marksvið (*e. target domain*) til að auka skilning á því.⁹⁷ Sjöunda gáta Gestumblinda byggist á metafóru. Gátan hljómar á þessa lund:

„Hvat er þat undra,
er ek utti sa
firi Dellings dyrum;
haufdí sinu uisar
a heluega,
enn fotum til solar snyr?
Heidrekr konungr,
hygðu at gatu!“⁹⁸

„Hvað er það undra
er ég úti sá
fyrir Dellings dyrum;
höfði sínu vísar
á helvega,
en fótum til sólar snýr?
Heiðrekr konungur.
hyggðu að gátu.“⁹⁹

Í kjölfar gátunnar kemur svar Heiðreks: „God er gata þin Gestumblindi, getid er þessar; þat er laukur; haufuþ hans er fast i iÖrdu, en hann kuislar, er hann uex upp“¹⁰⁰/

⁹⁶ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2008:13

⁹⁷ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2006:23


⁹⁸ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:62-63

⁹⁹ *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:40

¹⁰⁰ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:63

„Góð er gáta þín, Gestumblindi, getið er þessar. Það er laukur. Höfuð hans er fast í jörðu, en hann kvíslar, er hann vex upp.“¹⁰¹

Í þessari gátu er einhvers konar fyrirbæri lýst sem hefur höfuð og fætur. Þeir líkamshlutar eru alla jafna tengdir dýrum. Gott er að reyna að sjá myndina fyrir sér:



Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá líkindi á milli lauks og manns. Þegar horft er á myndina af lauknum þar sem haus hans er í jörðu og stíkar hans upp í loft sést auðveldlega í hverju skemmtun gátunnar er einkum fólgin. Einkennum dýrsins, mannsins sjálfs, er varpað yfir á einkenni plöntu af því að laukur líkist veru með höfuð og fætur. Metafóran sem birtist í gátunni um laukinn er fremur einföld. Oft eru metafórunar mun flóknari og reyna því töluvert á hugsun lesanda eða áheyranda.

Hugmyndin um metafóru og vörpun hefur verið þróuð og út hafa komið kenningar um blöndun (e. *blending*). Í greininni *Að „lykta úr opinni Nifjakremsdós“ Um hugræna bókmenntafræði og Hversdagshöllina* fjallar Bergljót S. Kristjánsdóttir meðal annars um hugræna bókmenntafræði. Hún vitnar í bókmenntafræðinginn Mark Turner og málfræðinginn Gilles Fauconnier sem saman hafa haft mikil áhrif á hugræn fræði með skrifum sínum um þá hugarvirkni sem kölluð er blöndun. Í bók Fauconniers og Turners, *The Way we Think. Conceptual Blending and the Mind's Hidden Complexities* (2002) halda þeir félagar því fram að mannshugurinn búi ekki aðeins yfir þeirri færni að geta tengt saman ýmsar upplýsingar, hann geti einnig blandað þeim saman á skapandi hátt. Fauconnier og Turner álíta að upplýsingarnar séu bundnar ákveðnum hugrúmum (e. *mental spaces*) eða litlum hugtakasamstæðum sem verði til þegar menn tala og hugsa og hafi þann tilgang að greiða fyrir athöfnum og skilning. Hugrúmunum er sífellt hægt að breyta en þau eru felld í ýmis hugræn mót og líkön.¹⁰²

Einfaldasta útskýring blöndunar er sú að hún eigi sér stað þegar menn blanda saman ólíkum upplýsingum úr tveimur eða fleiri hugrúmun þannig að úr verði nýjar

¹⁰¹ *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:40

¹⁰² Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2008:45

upplýsingar.¹⁰³ Þegar metaforan á í hlut er ekki lengur um að ræða tvö svið heldur fjögur.¹⁰⁴ Gert er ráð fyrir tveimur *ílagsrúmum* (e. *input spaces*) sem fela í sér mismunandi upplýsingar.¹⁰⁵ Þessi tvö svið samsvara á vissan hátt gömlu sviðunum tveimur.¹⁰⁶ Efni úr ílagsrúmum er „blandað“ saman á þann hátt að það er fellt í nýtt *blandað rúm* (e. *blended space*).¹⁰⁷ *Almennt rúm* (e. *generic space*) nær yfir það sem ílagsrúmin tvö eiga sameiginlegt og vörpun fer fram af því á þau bæði.¹⁰⁸

Til að skilja og ráða sumar gátur Gestumblinda stendur sá sem glímur við gátuna stundum frammi fyrir blöndun. Næstseinasta gáta Gestumblinda – sem fyrr hefur verið vikið að – vinnur með hana. Í gátunni er tveimur verum lýst sem einni:

„Huerir ero þeir íí,
er x hafa fætr,
augu ííí
ok einn hala?
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu!“¹⁰⁹

„Hverir eru þeir tveir,
er tíu hafa fætr,
augu þrjú
ok einn hala?
Heiðrekr konungr,
hyggðu at gátu.“¹¹⁰

Í gátunni er spurt um tvær karlkynsverur. Eins og fram hefur komið áður er þarna Óðni og hesti hans Sleipni lýst. Þess er krafist að sá sem gátuna leysir hafi ákveðna menningarlega þekkingu, að hann viti til að mynda að hestur Óðins hafi átta fætur í stað fjögurra líkt og vani er um hesta og eins að hann viti að Óðinn er með eitt auga en ekki tvö. Óðni og Sleipni er ekki lýst hvorum í sínu lagi heldur renna lýsingarnar á þeim saman. Þannig er nefnt að þeir hafi tíu fætur, þrjú augu og einn hala. Gátan er því í formi blöndunar. Hér eru tvö ílagsrúm. Úr öðru koma upplýsingar um Óðin eins og til dæmis að hann hefur tvo fætur og eitt auga en hinu að Sleipnir sé hestur með „hala“, tvö „augu“ og átta „fætur“. Almenna rúmið geymir þær upplýsingar sem ílagsrúmin eiga sameiginlegt. Í þessu tilviki eiga ílagsrúmin það sameiginlegt að innihalda verur með fætur og augu. Til að finna lausnina þarf sá er gátuna leysir að aðgreina upplýsingarnar og átta sig á hvernig beri að skipta niður fjölda fóta og augna sem lýst er í gátunni niður á tvær verur. Að auki verður hann að átta sig á þeirri gildru að orðið *hali* er haft um ‚tagl‘.

¹⁰³ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2008:45-46

¹⁰⁴ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2006:24

¹⁰⁵ Sjá Ungerer ofl. 2006:259-260

¹⁰⁶ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2006:24

¹⁰⁷ Sjá Ungerer ofl. 2006:259-260

¹⁰⁸ Sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 2006:24

¹⁰⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:82

¹¹⁰ *Hervarar saga og Heiðreks* 1997:50

Sem dæmi um orðaleik má taka þriðju seinustu gátu Gestumblinda:

„Sat ek a segli,
sa ek dauda menn
blöþugt hold bera
í barrk uirdar“¹¹¹

„Sat ek á segli,
sá ek dauða menn
blóðugt hold bera
í börk viðar.“¹¹²

Á eftir gátunni birtist svar Heiðreks: þar saztþu á ueg ok satt ual bera æði í hamra.¹¹³ / „Þar saztu á vegg ok sáttt val bera æði í hamra.“¹¹⁴ Öll gátan er í formi orðaleiks. Strax í fyrstu línu er leikið með tvöfalda merkingu orðmyndarinnar , segli‘. Margir falla eflaust í þá gryfju að telja að þarna sé þágufallsmynd af orðinu *segl* enda leikurinn til þess gerður. Orðið er vissulega í þágufalli en ekki af *segl* heldur *segull*. „Segull“ merkti upphaflega ,segulsteinn‘¹¹⁵ og hlutinn *steinn* er lykilatriði; veggur er hlaðinn úr steinum og lausnin sum sé bundin því að menn hugsi um pars pro toto, hluta í stað heildar.

Í orðaleikjum er oft leikið með hljóðlíkingar orða eða orðhluta. Skiptir þá ekki öllu máli að orðin hljómi nákvæmlega eins. Í þriðju línu gátunnar koma fyrir orðin „blöþugt hold“; en merking þeirra er ,æð‘.¹¹⁶ Eins og sést í svarinu er þó ekki verið að spyrja um *æð* eins og þá er finnst innan líkamans heldur eiga upplýsingarnar að leiða áheyrandann eða lesandann að fuglinum sem kallaður er *æður* í þolfalli *æði*. Ef bornar eru saman þolfallsmyndir af orðunum *æð* og *æður* má sjá að aðeins munar einum staf á orðunum tveimur, *æð* og *æði*. Hljóðlíkingin er nægileg til að unnt sé að gera hana að uppistöðu í orðaleiknum.

Samhljóða orð sem hafa ólíka merkingu eru gjarnan nýtt í orðaleikjum. Í *Snorra Eddu* er talað um að menn yrki fólgið þegar þeir leika sér að því að nefna orð sem hefur merkingu er lýsa má með öðru orði en merkingu þess má lýsa með enn öðru.¹¹⁷ Í annarri línu gátunnar er minnst á „dauða menn“. Í svarinu hafa þeir breyst í fuglinn „val“. Ástæðan fyrir breytingunni er sú að til er kk. orðið ,valur‘ sem haft er um ákveðna fuglategund og annað kk. orð sem merkir ,lík á vígvelli‘, þ.e. „dauða menn“. Svipað er upp á teningnum í lokalínu gátunnar: „í barrk uirdar“/ „í börk viðar“. Líkt og sjá má í svarinu gefur lokalínan þær upplýsingar að *valurinn beri æðina* „í hamra“. Til að finna út

¹¹¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:81-82

¹¹² *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:49-50

¹¹³ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:82

¹¹⁴ *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:49-50

¹¹⁵ Sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:801

¹¹⁶ Sjá Sveinbjörn Egilsson 1913:271

¹¹⁷ Sjá *Edda Snorra Sturlusonar* 1988:204

hvernig *börkur viðar* verður að *hamri* verður að lesa í málið. Hægt er að setja upp eftirfarandi þulu:

Börkur viðar = skjól = björg (kvk.et) = björg (hk.ft) =hamrar

Börkur „viðar“ merkir ‚skjól‘ eða ‚björg‘ (kvk.nf.et). Orðmyndin *björg* er einnig til í hvorugkyni fleirtölu af orðinu *bjarg* = hamar og þar með á lesandi að átta sig á hvert valurinn fer með æðina.

Þeir sem fást við hugræna málfræði álíta að tungumálið sé aðgangur að merkingu. Því hafa þeir fjallað töluvert um hugtakið flokkun (e. *categorisation*). Flokkun er hæfileiki mannsins til að bera kennsl á einingu sem hluta af heild. Allt frá tíma Aristótelesar töldu menn að allir hlutir sem tilheyruðu ákveðnum flokki yrðu að hafa ákveðin, sameiginleg einkenni til að teljast fullgildir í flokknum. Milli flokka voru háar girðingar. Breytingar á þessari flokkahugsun urðu ekki fyrir en á áttunda áratug 20. aldar þegar Eleanor Rosch lagði fram kenningu sína um dæmigerð (e. *prototype theory*). Kenningin um dæmigerð segir að fyrirbæri megi flokka niður í flokka miðað við svipmót þeirra. Þrátt fyrir að ekkert eitt einkenni sé sameiginlegt öllum fyrirbærum í tilteknum flokki eiga þau sameiginlega ákveðna eiginleika sem eru dæmigerðir en ekki endilega alla. Þannig er dæmigert fyrir fugla að fljúga þó að ekki geti allir fuglar flogið. Þeir fuglar sem ekki geta flogið hafa hins vegar önnur dæmigerð einkenni fugla, verpa t.d. kannski eggjum.¹¹⁸

Í annarri gátu Gestumblinda þarf lesandi/áheyrandi að víkka út þá dæmigerð sem hann hefur um fyrirbærið *veg* til þess að átta sig á svarinu. Gátan hljómar á þessa leið:

„HeimaN ek for,
heimaN ek fair gerda,
sa ek a ueg uega;
uar þeim vegr undir
ok uegr yfir
ok uegr æ alla uega.
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu.“¹¹⁹

„Heiman eg fór,
heiman ek för gerði,
sá eg á veg vega;
var þeim vegur undir
og vegur yfir
og vegur á alla vega.
Heiðrekur konungur,
hyggðu að gátu.“¹²⁰

Í gátunni má sjá lýsingu á fimm vegum eða leiðum. Svárið við gátunni er: „God er gata þín, Gestumblindi, getid er þessar; þar fortu *yfir* ar bru, *ok uar* ar uegr under þer, en fuglar flugu *yfir* hafði þer *ok* hia þer *tueim* megin, *ok uar þat þeira uegr*.“¹²¹ / „Góð er gata þín. Gestumblindi, getit er þessarar. Þar fórtu *yfir* árbrú, *ok var árvegr undir* þér, en

¹¹⁸ Sjá Evans og Green 2006:168-169

¹¹⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:57-58

¹²⁰ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:38

¹²¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:58

fuglar flugu yfir höfði þér ok hjá þér tveim megin, ok var þat þeira vegr.“¹²² Eins og sjá má á svarinu lýsir gátan mismunandi vegum en þeir hafa ekki endilega sömu einkenni. Dæmigerð hugmyndarinnar sem flestir hafa um veg er „rudd eða troðin, afmörkuð leið eða braut til að fara eftir“. En menn geta ekki leyst gátuna nema þeir ímynda sér að *vegur* sé hver sú braut sem tiltekinn hlutur eða vera fer eftir. Það ætti þó að reynast einhverjum unnt því að mönnum eru tamar ýmsar hugtakslíkingar (e. *conceptual metaphor*) þar sem veg eða leið er varpað á afstrakt hugtök til að skýra þau. Þannig er þeim tamt að hugsa: LÍFIÐ SEM LEIÐ þar sem upptökunum (e. *source*), leiðinni, er varpað á svið marksins (e. *target*) og það dregur dóm af þeim, sbr. orðalag eins og „lífsleið hans var grýtt og þungfær“. Galdurinn felst kannski í því að vera vitandi um þankagang sem manni er allajafna ómeðvitaður, opna hugann þannig að hið dæmigerða víkki uns við blasa t.d. „gangur himintungla“ og „farfuglar sem koma um langan veg.“

En þá er komið að atriði sem þarfnast nokkuð ítarlegra fræðilegra skýringa – áður en gáta er greind – af því að það hefur lítið borið á góma í bókmenntaumræðu hérlandis. Það snýr að skynjun mannsins og því þörf að nefna skynheildarsálfræði (e. *gestalt psychology*). Hún var einkum hugsuð sem mótsvar við formgerðarstefnu (e. *structuralism*) sem hafði verið ráðandi í sálfræði og gerði ráð fyrir að hægt væri að lýsa skynjun manna með því að greina hana niður í smæstu einingar.¹²³ Þessu voru skynheildarstefnumenn ósammála en þeir töldu að skynjun væri ekki hægt að smætta heldur yrði að skynja hlutina sem eina skipulagða heild.¹²⁴

Skynheildarhugmyndin um fígúru og bakgrunn (e. *figure – ground*) vísar til dæmigerðrar uppbyggingar skynjunar þannig að fígúran sker sig úr bakgrunninum. Það fer eftir því hvernig skynfærið er örvað og hverju viðkomandi veitir athygli hverju sinni hvað er fígúra. Fígúru-bakgrunns- sambandið er mikilvægur þáttur í því hvernig menn skilja veruleikann.¹²⁵

Í bókinni *Cognitive Poetics* eftir Peter Stockwell eru nefnd nokkur atriði sem hægt er að notast við sem viðmið til að skilja fígúru frá bakgrunni. Hér nægir að nefna að augljósasta samræmið af sambandi fígúru og bakgrunni er þegar unnið er markvisst að því í bókmenntum að setja hluti í forgrunn. Hægt er að ná fram forgrunni texta með ýmsu

¹²² *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:38

¹²³ Sjá Heiða María Sigurðardóttir 2005

¹²⁴ Sjá Gleitman ofl. 2007:166

¹²⁵ Sjá Tsur 2009:237-238

móti, til dæmis með endurtekningu, óvenjulegri nafngift, nýjungagjarnri lýsingu, óvenjulegri orðaröð, gátum, rími, stuðlun, bragfræðilegum áherslum, metaforum o.s.frv. Allt þetta er frávik frá vanabundinni notkun tungumálsins og gegnir því hlutverki að draga athygli lesandans að ákveðnum þætti sem settur er í forgrunn andspænis afgangi textans. Með öðrum orðum má segja að ákveðnum þætti er veitt athygli með því að setja hann til dæmis fremst í setningu, í brennidepil, leggja á hann áherslu eða staðsetja hann í setningu þar sem athyglin beinist að honum með einum eða öðrum hætti.¹²⁶

Í fyrstu gátu Gestumblinda þarf lesandi að átta sig á hvernig hann greinir fígúru frá bakgrunni til að finna út hver eru lykilorð gátunnar. Gátan sem um ræðir hljómar á þessa leið:

„Hafa uilldag
þat i gíær hafða,
uítu, huat þat uar :
lyda lemíll,
orda tefíll
ok orða upp hefíll.
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu!“¹²⁷

„Hafa vildak
þat er ek hafða í gær,
vittu, hvat þat var:
Lýða lemíll,
orða tefíll
ok orða upphefíll.
Heiðrekr konungr,
hyggðu at gátu.“¹²⁸

Lausn gátunnar er: „*Konungr segir*: „god er gata þín, *Gestumblindi*, getid er þessar ; færi honum mungat ; þat lemr margra út, ok margír eru þa margmálgari, er mungat fert á, en sumum uefzt tungan, suo at ecki uerdr at ordi“.¹²⁹ / „*Konungr segir*: „Góð er gata þín, *Gestumblindi*, getit er þessar. Færi honum mungát. Þat lemr margra vit, ok margir eru þá margmálgari, en mungát ferr á, en sumum vefst tungan, svá at ekki verðr at orði.“¹³⁰ Lýsingin á því sem spurt er um byrjar í fjórðu braglínu og lýkur í þeirri sjöttu. Til að greina fígúru frá bakgrunni þarf lesandi/áheyrandi að skyna hlutverk ríms, stuðla og kveða.

Í fjórðu braglínu má finna orðin „lyda“ og „lemíll“. Orðin eru látin stuðla og þannig lögð á þau aukin áhersla svo að þau skera sig frá öðrum orðum vísunnar og eru þar með sett í forgrunn, eru í hlutverki fígúru.

Í fimmtu og sjöttu braglínu má finna orðið „orda“, hnígandi tvílið sem stendur í hákveðu og hefur þar með þunga áherslu í braglínunum.¹³¹ Endurtekning orðsins ítrekar

¹²⁶ Sjá Stockwell 2002:14-19

¹²⁷ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:57

¹²⁸ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:37

¹²⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:57

¹³⁰ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:38

¹³¹ Sjá til dæmis Óskar Halldórsson 1977:16-19

líka að það er sett í forgrunn. Svar Heiðreks tekur af allan vafa um að „orda“ er lykiltríði ásamt orðunum „tefill“ og „upphefill“ sem eru sett í forgrunn með endarími.

Fyrsta til þriðja braglína ásamt sjöundu til áttundu braglínu gegna ekki öðru hlutverki en að mynda saman ramma utan um það sem skiptir máli. Þær eru því í bakgrunni meðan fjórða til sjötta braglína eru fígúra gátunnar.

Í þessum kafla hafa ýmsar aðferðir hugfræða verið notaðar við að skoða gátur Gestumblinda. Athugunin hefur með öðrum orðum ekki einskorðast við að flokka gáturnar í flokka eða kanna bragfræðileg einkenni þeirra – eins og algengast hefur verið í skrifum um þær. Vilji menn fá góðan skilning á gátum er líka þörf á að skoða öll einkenni þeirra.

V Húmor og gátur

Eitt er það sem ekki hefur verið nefnt að ráði varðandi gátur Gestumblinda en það er skemmtanagildi þeirra og ekki síst undirliggjandi húmor sem felst í þeim. Húmor hefur lengi fylgt mannum, ekki síður en gátur, en það má gera ráð fyrir að hann hafi breyst og/eða þróast með tímanum.¹³² Þannig kann að vera að það sem fornmönnum hafi þótt fyndið í gátum Gestumblinda sé allt annað en það sem nútímamenn flissa að í dag; húmor er með öðrum orðum menningarbundinn.

Húmor ræðst alltaf af einhverskonar ósamræmi. Ef fólk ræður við ósamræmið kann það betur að meta húmorinn.¹³³ Margar gátur byggja á húmor og þar með ósamræmi. Gátan er ein helsta gagnvirka gerð húmors því þar býður spyrjandinn þeim sem spurður er að taka þátt í tilteknu ferli.¹³⁴ „Gátur eru þess háttar húmor sem er mitt á milli lausnar þrauta og þess að hafa mætur á bröndurum; þær eru þraut þar sem lausnin vekur drjúga ánægju og kátínu (e. *humour*).“¹³⁵ Gátan getur verið í formi spurningar þar sem lausnin er óvænt, þ.e. virðist ekki vera í samræmi við spurninguna. Oft er lausnin of flókin til að viðtakandi geti áttað sig sjálfur á svarinu.¹³⁶ Af þeim sökum er því einatt þannig farið að um leið og sá sem spurður er tekur eftir merkjum þess að um gátu sé að ræða svarar hann: „Ég veit það ekki“ þar sem hann gerir ráð fyrir að hann muni ekki geta leyst

¹³² Sjá Bremmer og Roodenburg 1997:7

¹³³ Sjá Derks 2007:XII

¹³⁴ Sjá Dienhart 1998:102

¹³⁵ „The riddle is a form of humour which is somewhere between problem solving and the appreciation of jokes; it is a problem whose solution evokes a good deal of pleasure and humour.“ Shultz 2007:19

¹³⁶ Sjá Shultz 2007:19

gátuna.¹³⁷ Þegar ákveðinn tími er liðinn frá því að gáta er borin fram gefur spyrjandinn upp lausnina. Fáí viðtakandi svar sem virðist út í hött glímir hann við þá gátu hvernig svarið á við upphaflegu gátuna. Þetta jafngildir því að skoða ósamræmi og það ætti einnig – að minnsta kosti hjá fólki með kímniáfu – að vekja upp ánægju.¹³⁸

Eins og áður hefur verið getið er hægt að ímynda sér að gátur Gestumblinda hafi verið lesnar upp til skemmtunar. Margar gátnanna kalla upp skondna mynd í huga áhlýðenda/lesenda. Gátan um *veginn* sem fyrr var nefnd er dæmi um þesslags gátu:

„Heiman ek for,
heiman ek fair gerda,
sa ek a ueg uega;
uar þeim vegr undir
ok uegr yfir
ok uegr æ alla uega.
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu.“¹³⁹

„Heiman eg fór,
heiman ek för gerði,
sá eg á veg vega;
var þeim vegur undir
og vegur yfir
og vegur á alla vega.
Heiðrekr konungr,
hyggðu að gátu.“¹⁴⁰

Í huga þess sem les eða hlýðir á gátuna hlýtur að koma upp mynd af mörgum vegum þvers og kruss um allt. Myndin er í ósamræmi við hið vanabundna þar sem einstaklingur er ekki endilega vanur því að *vegir* geti legið út um allt, allra síst annar staðar en á jörðu niðri. Segja má að vegna ósamræmisins sé myndin sem birtist í kollinum húmorísk. Þegar lausnin fæst uppgefin felst skemmtunin í því að breyta fyrri mynd hugans í þá sem felst í lausninni. Menn geta með öðrum orðum fært í huganum vegi jarðarinnar upp á himininn!

Fyndin mynd ætti einnig að birtast mönnum við lestur á eftirfarandi gátu:

„Sa ek a sumrí
solbíorg of á,
bad ek uel lifa
uilgi teítí ;
drucku iarlar
al þegjandi,
eN æpanda
alker stod.
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu!“¹⁴¹

„Sá ek á sumri
sólbjörgum á,
bað ek vel lifa
vilgi teíti,
drukku jarlar
öl þegjandi,
en æpanda
ölker stóð.
Heiðrekr konungr,
hyggðu at gátu.“¹⁴²

¹³⁷ Sjá Dienhart 1998:102

¹³⁸ Sjá Shultz 2007:19

¹³⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:57-58

¹⁴⁰ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:38

¹⁴¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:79-80 Leturbreyting mín.

¹⁴² *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:48 Leturbreyting mín.

Eins og sjá má er vanabundnum aðstæðum snúið á haus og þar með unnið með ósamræmi. „Ölker“ er dauður hlutur og því er ekki það fyrsta sem manni dettur í hug að það *æpi*. Ólíklegt er líka að þögnin ein ríki þar sem jarlar eru samankomnir og hafa öl um hönd. Þegar lausn gátunnar kemur í ljós, „Þar drucku griser gyllti, en hon hreín uid.“¹⁴³/ „Þar drukku grísir gylti, en hún hrein við.“¹⁴⁴ verða fyrri lýsingar gátunnar rökréttar, *jarlarnir* þegja þar sem þeir eru *grísir* að sjúga mjólk af spena móður sinnar, *gyltunnar*, sem hrín. Með lausninni kemst upp um ósamræmið, sem finna má í gátunni sjálfri, á það kemst lag, þannig að sá sem les hana eða hlýðir á getur haft ánægju af.

En öllu gamni fylgir víst einhver alvara. Gátur Gestumblinda eru engin undantekning að því leyti og ekki má gleyma að þær eru hluti af atburðarás þar sem höfuð Gestumblinda er undir. Þegar líða tekur á gátusennuna og næstum er komið að lokum má ráða bæði af tilsvári konungs, „ef þu ert sa Gestumblinndi, sem ek hugda, þa ertu uitrarí, en ek ætladi;...“¹⁴⁵/ „Ef þú ert sá Gestumblindi, sem ek hugða, þá ertu vitrari en ek ætlaða...“¹⁴⁶ sem og frásagnartexta á milli gátna, „Nu grunar konung, huerr madrin mun uera.“¹⁴⁷/ „Nú grunar konung, hvern maðrinn mun vera.“¹⁴⁸ að alvaran (og jafnvel dauðinn) sé skammt undan. Það er því ekki tilviljun að næsta gáta á eftir tilsvári konungs, fjórða síðasta gátan, er barnagátan um kúna:

„Fíorer hanga,
íííí ganga,
íí ueg uísa,
íí hundum uarda,
eiñn eptir drallar
ok íafnan heldr saurugr.
Heiðrekr konungr,
hygðu at gátu!“¹⁴⁹

„Fjórir hanga,
fjórir ganga,
tveir veg vísa,
tveir hundum varða,
einn eftir drallar
Ok jafnan heldr saurugr.
Heiðrekr konungr,
hyggðu at gátu.“¹⁵⁰

Þeir sem eitthvað hafa komið nálægt sveitastörfum eða þekkja til húsdýra ættu að vera fljótir að kveikja á svarinu. Gátan er auðveld viðureignar og má gera því skóna að með henni sé Gestumblindi að kaupa sér meiri tíma, fela gáfur sínar og reyna að blekkja

¹⁴³ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:79-80

¹⁴⁴ *Hervarar saga ok Heiðreks* 1997:48

¹⁴⁵ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:80

¹⁴⁶ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:49

¹⁴⁷ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:80

¹⁴⁸ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:49

¹⁴⁹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:81

¹⁵⁰ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:49

þannig konung um stund. Það eitt og stakt má kallast svolítið fyndið að hann haldi að hann geti blekkt Heiðrek þegar svo langt er liðið á gátusennuna.

Bæði í GKS 2 845, 4¹⁰ og Hauksbók ávarpar Gestumblindi aldrei Heiðrek konung nema til að leggja fyrir hann gátunar, ef undan er skilið ávarpið á undan lokaspurningunni: „Segðu þat þa fyrst, ef þu ert huerium konungí úitrari“¹⁵¹/ „Segðu þat þá hinzt, ef þú ert hverjum konungi vitrari“¹⁵². Í kjölfar ávarpsins leggur Gestumblindi lokagátuna fyrir Heiðrek:

„huat mælli Opinn
í eyra Balldri,
adr hann uæri a bal hafdr?“¹⁵³

„Hvat mælti Óðinn
í eyra Baldri,
áðr hann væri á bál hafðr?“¹⁵⁴

Ávarpið einkennist af háði ef gátan sem fylgir því er höfð í huga. Eitt helsta einkenni háðs er að því er iðulega beint gegn ákveðinni persónu eða málstað í árásarskyni. Oft og tíðum eru andstæðingum eignaðir tilteknir eiginleikar eða afrek sem koma ekki heim og saman við veruleikann eða skoðun þess sem talar. Raunveruleg merking er andstæðan við þá merkingu sem felst í orðum viðkomandi.¹⁵⁵ Í viðureign Gestumblinda og Heiðreks konungs kemur lokagátan upp um það sem áður hefur verið ýjað að, Óðinn er Gestumblindi. Með ávarpinu hæðist Gestumblindi að Heiðreki því enginn getur vitað svarið við gátunni nema Óðinn og enginn konungur er vitrari en hann. Lesendur/áheyrendur eru líklega flestir í liði með Gestumblinda/Óðni og geta þar með staðið með honum og hlegið að vankunnáttu Heiðreks. Vera má að samstaðan breytist þegar Heiðrekur deyr vegna hefndar Óðins. Lesendur/áheyrendur sjá þá að Óðinn er ekki skömminni skárri en Heiðrekur, hann er hefnigjarn og veigrar sér ekki við að drepa líkt og Heiðrekur sjálfur.

Dæmin sem hér hafa verið tekin sýna aðeins lítinn hluta af húmornum sem felst í gátum Gestumblinda. Húmorinn er einkum fólgin í nýstárlegum lýsingum þar sem dregin er upp mynd af einhverju sem er í ósamræmi við hið vanabundna og því hvernig áheyrandi/lesandi ræður gátuna og lagar ósamræmið.

¹⁵¹ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:83

¹⁵² *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:50

¹⁵³ *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1924:83

¹⁵⁴ *Hervarar saga ok Heiðreks konungs* 1997:50

¹⁵⁵ Sjá Jakob Benediktsson 2008:108

VI Lokaorð

Flestir geta borið kennsl á gátu. Það eru fáir sem ekki hafa glímt við að leysa gátu eða í það minnsta hlustað á einhvern annan spreyta sig á að finna rétta ráðningu. Í umfjölluninni hér að framan hef ég dregið saman ýmislegt sem einkennir gátur almennt og vikið að því hvernig hlutverk þeirra hefur tekið breytingum í tímann á rás. Meginviðfangsefni mitt hefur þó verið stærsta safn íslenskra gátna, gátur Gestumblinda í *Heiðreks sögu og Hervarar*. Með umfjöllun um handrit þeirra og fáeinum dæmum úr þeim vona ég að mér hafi tekist að sýna að þörf er að endurskoða ýmsar fyrri hugmyndir um þau. Það á ekki síst við þegar Uppsalahandritið á í hlut. Enda þótt uppskrift þess sé ekki góð hefur það upp á margt að bjóða í gátum Gestumblinda sem vert er að skoða nánar.

Eftir stuttan samanburð á fáeinum gátum í handritunum má meðal annars sjá að ýmislegt í Uppsalahandritinu er betra en í GKS 2845, 4^{to}. Sem dæmi má nefna að oft eru útskýringar í ráðningu viðameiri og upplýsingar í gátunum sjálfum meiri. Sumar gátur og svör eru einnig oft og tíðum orðuð á skemmtilegri máta í Uppsalahandritinu en í GKS 2845, 4^{to}. Stundum má finna mismun á lausnum á milli handrita, eins og sýnt var í gátunum „Fara ek sá/ folldar moldbúa...“ og „Baru bruder/ bleikhaddaþar...“. Í þesslags dæmum er athyglisvert að velta fyrir sér afhverju lausnirnar eru misjafnar. Líklegasta skýringin er sú að gáturnar hafi verið skildar misjöfnum skilningi á misjöfnum tíma. Mismunandi skilningur kemur einnig fram þegar skoðaðar eru skýringar fræðimanna á gátunum. Hann sýnir hversu flóknar gáturnar eru og hve auðvelt er að túlka merkingu orða þeirra á ólíkan máta.

Greining mín á nokkrum gátum Gestumblinda með aðferðum hugfræðinnar hefur líka vonandi dregið fram hve margt hlýtur að fara framhjá mönnum ef þeir taka ekki mið af hversu margþættur texti gátur í bundnu máli geta verið og hvað þær spila á marga strengi innra með áheyrendum/lesendum. Viðtakandinn var mjög lengi lítils metinn í rannsóknum á fyrri tíðar bókmenntum íslenskum en á hann leggja þeir sem fást við hugræna bókmenntafræði oftast áherslu. Og ég er sannfærð um að gátur geti menn hvorki greint né skilið til fulls nema þeir hafi sífellt auga á hvorutveggja, textanum og áheyrandanum/lesandanum.

VII Heimildaskrá

VII.I Ritaðar heimildir

Aðalsteinn Eypórsson. 2002. Síðasti furðufuglinn –eða gæsin sem stóð á öndinni. *Kistan*.

Sótt 2. október 2010 af http://kistan.is/Default.asp?Sid_Id=28001&tre_rod=004|&tId=2&FRE_ID=39548&Meira=1

Anna Z. Osterman. 1944. Eilíf er æskan. *Fálkinn* 45.-47. tölublað, 22.12.1944. Tímaritið er aðgengilegt á netinu. Slóðin er: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4362641

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Bergljót S. Kristjánsdóttir. 2006. Er dáðin dáð og örlátu mennirnir örlátir? : tilraun um myndlestur. *Ritið*. 2:13-32.

Bergljót S. Kristjánsdóttir. 2008. Að "lykta úr opinni Nifjakremsdós": um hugræna bókmenntafræði og Hverdagshöllina. *Af jarðarinnar hálfu : ritgerðir í tilefni af sextugsafmæli Péturs Gunnarssonar*, bls. 42-62. Ritstjórar Jón Karl Helgason og Torfi Tulinius. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt apókrýfu bókunum. Nýja testamentið. 2007. Hið íslenska biblíufélag og JPV útgáfa, Reykjavík.

Binsted, Kim og Graeme Ritchie. 1994. An Implemented model of punning riddles. Erindi flutt á National Conference on Artificial Intelligence (AAAI), Seattle, Washington. Greinin er aðgengileg á veraldarvefnum: http://arxiv.org/PS_cache/cmp-ig/pdf/9406/9406022v1.pdf

Blake, Barry J. 2010. *Secret Language: Codes, Tricks, Spies, Thieves, and Symbols*. Oxford University Press Inc., New York.

Bremmer, Jan og Herman Roodenburg. 1997. Introduction: Humor and History. A Cultural History of Humour, bls. 1-10. Ritstjórar Jan Bremmer og Hermann Roodenburg. Polity Press, Cambridge.

Den glömda Eddan. 1955. Í útgáfu Áke Ohlmarks. Geber, Stokkhólmur.

- Den Ældre Edda og Eddic Minora*. Í útgáfu og þýðingu Martins Larsen. 1943. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Derks, Peter. 2007. Introduction to the Transaction Edition. *Humor and laughter: theory, research, and applications*, bls. bls. vii-xxv. Ritstjórar Antony J. Chapman og Hugh C. Foot. New Brunswick, New Jersey: Transaction Publishers.
- Dienhart, John M. 1998. A linguistic look at riddles. *Journal of Pragmatics* 31:95-125.
- Edda Snorra Sturlusonar*. 1998. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Evans, Vyvyan og Melanie Green. 2006. *Cognitive Linguistics an Introduction*. Edinburgh University Press Ltd., Edinburgh.
- Finnur Jónsson. 1973. *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning BII*. Rosenkilde og Bagger, København.
- Fritzner, Johann. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Tryggve Juul Møller Forlag, Osló.
- Gleitman, Henry, Daniel Reisberg og James Gross. 2007. *Psychology*. W.W. Norton & Company, New York.
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1989. Gátur. *Íslensk þjóðmenning 6.bindi: Munnmentir og bókmennning*, bls. 423-436. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Þjóðsaga 1987-1990. Reykjavík.
- Hall, Alaric. 2005. Changing Style and Changing Meaning Icelandic Historiography and the Medieval Redactions of *Heiðreks saga*. *Scandinavian studies* 77:1-30.
- Heiða María Sigurðardóttir. 2005. „Hvað er skynheild (Gestalt) og hvernig tengist hún sálarfræði?“ *Vísindavefurinn*. Sótt 10. desember 2010 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5294>
- Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs*. 1924. Jón Helgason annaðist útgáfuna. STUAGNL, Kaupmannahöfn.

- Hervarar saga ok Heiðreks*. 1997. G. Turville-Petre annaðist útgáfuna. 2. útgáfa. Viking Society for Northern Research, University College London.
- Jakob Benediktsson. 2008. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1924. Inledning. *Heiðreks saga : Hervarar saga ok Heiðreks konungs*, bls. I-LXXXIX. Jón Helgason annaðist útgáfuna. STUAGNL, Kaupmannahöfn.
- Kristín Huld Sigurðardóttir. 2004. Í Haugfé: gripir úr heiðnum gröfum. *Hlutvelta tímans*. Menningararfur á Þjóðminjasafni. Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
- Lexicon Poeticum antique linguæ septentrionalis=Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. Sett saman af Sveinbjörn Egilsson ; forøget og påny udgivet for Det kongelige nordiske oldskriftselskab ved Finnur Jónsson. 1913. Det Kongelige nordiske oldskrift-selskab, Kaupmannahöfn.
- Mörður Árnason. 2007. *Íslensk orðabók* á vefbókasafninu snara.is.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. [Endurprentun 1993 hjá Hið íslenska bókmenntafélagi, Reykjavík.]
- Richard Cleasby og Guðbrandur Vigfússon. 1969. *An Icelandic-English Dictionary*. 2.útgáfa. Oxford.
- Saga Conference 2009. Saga Editions. Sótt 12. September 2010 af <http://www.saga.nordiska.uu.se/upsala/saga/>
- Shultz, Thomas R. 2007. A Cognitive-Developmental Analysis of Humour. *Humor and laughter: theory, research, and applications*, bls. 11-36. Ritstjórar Antony J. Chapman og Hugh C. Foot. New Brunswick, New Jersey: Transaction Publishers.
- Stockwell, Peter. 2002. *Cognitive Poetics – An Introduction*. Routledge, London og New York.
- The Saga of Heiðrek the Wise*. 1960. Christopher Tolkien annaðist útgáfuna. Thomas Nelson and Sons Ltd. London, Edinburgh, Paris, Melbourne, Johannesburg, Toronto og New York.

Tiffany, Daniel. 2001. On Riddles, Materialism, and Poetic Obscurity. *Critical Inquiry* 28:72-98.

Tolkien, Christopher. 1960. Notes. *The Saga of King Heidrek the Wise*, bls. 1-63. Christopher Tolkien annaðist útgáfuna. Thomas Nelson and Sons Ltd. London, Edinburgh, Paris, Melbourne, Johannesburg, Toronto og New York.

Tsur, Raven. 2009. Metaphor and figure – ground relationship: comparisons from poetry, music and the visual arts. *Cognitive Poetics: Goals, Gains and Gaps*, bls. 237-277. Ritstjórar Geert Brône and Jeroen Vandaele. Mouton de Gruyter, Berlin og New York.

Turville-Petre, G. 1997. Notes and Glossary. *Hervarar saga ok Heiðreks*, bls. 73-143. G. Turville-Petre annaðist útgáfuna. 2. útgáfa. Viking Society for Northern Research, University College London.

Ungerer, Friedrich og Hans-Jörg Schmid. 2006. *An Introduction to cognitive linguistics*. Pearson Education Limited.

Wilcox, Jonathan. 1996. Mock-Riddles in Old English: Exeter Riddles 86 and 19. *Studies in Philology*. 93:180-187.

Wilcox, Jonathan. 2005. 'Tell me what I am': the Old English riddles. *Reading in Medieval Texts: Interpreting Old and Middle English Literature*, bls.46-59. Ritstjórar David F. Johnson og Elaine Treharne. Oxford University Press Inc., New York.

VII.II Ljósmyndir

Fuglavefur Djúpavogs. Merktar álfir í Álftafirði. Sótt 11. október af vefslóðinni:

<http://www.djupivogur.is/fuglavefuren/?id=9926>

Sögusmiðjan. Æðarfugl í fjörunni. Sótt 11. október af vefslóðinni:

<http://www.strandir.is/kollan/fuglinn.htm>